



**Ávinningur kosningaherferða**  
Áhrif aðgerða stjórnmalaflokka fyrir alþingiskosningar 2013

Sverrir Falur Björnsson

Lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði

Félagsvísindasvið

Júní 2014



HÁSKÓLI ÍSLANDS

**Ávinningur kosningaherferða**  
**Áhrif aðgerða stjórnmalaflokka fyrir alþingiskosningar 2013**

Sverrir Falur Björnsson

Lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði

Leiðbeinandi: Gunnar Helgi Kristinsson

Stjórnmálafræðideild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2014

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Sverrir Falur Björnsson 2014  
220389-2199

Reykjavík, Ísland 2014

## Útdráttur

Í þessari ritgerð er leitast við að greina hversu mikil áhrif kjósendur láta kosningaherferðir stjórnmalaflokkanna hafa á afstöðu sína fyrir kosningar. Er líklegt að kosningabaráttu stjórnmalaflokkanna sannfæri kjósendur fyrir hvaða málefni þeir standa og ef svo er hvernig tókst núverandi þingflokkum það í kosningabaráttunni í alþingiskosningunum 2013? Byrjað er á að greina hversu mikil áhrif samfélagsleg umræða hefur. Erfitt getur verið fyrir stjórnmalaflokk að ráða stefnu umræðunnar í samfélaginu en áhrif hennar á flokkinn geta verið töluverð. Í næsta kafla verður kosningaefni flokkanna og málstaður þeirra skoðaður og reynt að sjá hvaða kosningaherferðir tókust vel og hverjar ekki eins vel. Að lokum verður svo skoðað hvernig almenningur kaus, hvort samræmi sé á milli þess hvað kjósendur mátu vera mikilvægasta málefnið og hvað þeir kusu og aðrir þættir sem eiga að sýna fram á áhrif kosningaherferða flokkanna.

Í grófum dráttum er niðurstaðan sú að kjósendur láta kosningaherferðir, áróður eða auglýsingar ekki hafa mikil áhrif á sig ef skoðun þeirra á viðkomandi flokk er mótuð fyrir. Flokkar sem hafa verið til staðar í nokkur ár eiga erfiðara með að auka við fylgi sitt en nýir eða minni flokkar vegna þess að kjósendur vita hvað þeim finnst um þá. En fyrir þá sem hafa lítið fylgi getur kosningabaráttu skipt miklu máli. Umtal fjölmiðla og almennings getur þó breytt fylgi stærri flokka til styttri tíma og virðist það hafa meiri áhrif en kosningabaráttan sjálf.

## **Formáli**

Ritgerðin er 12 eininga lokaverkefni til BA-gráðu frá Stjórn málafræðideild Háskóla Íslands. Leiðbeinandi við gerð hennar var Gunnar Helgi Kristinsson og fær hann innilegar þakkir fyrir leiðsögnina. Einnig vill ég þakka föður mínum, Birni Garðarssyni, fyrir alla þá hjálp sem hann hefur veitt mér sem var töluverð og algjörlega ómetanleg. Að lokum vill ég þakka öllum sem nefntu að veita mér félagsskap á meðan skrifum stóð, það hefur eflaust verið skemmtilegra fyrir mig en ykkur á álagspunktum.

# 1 Efnisyfirlit

2	Inngangur.....	6
3	Kosningar og kosningaherferðir .....	8
3.1	Fulltrúalýðræði og kosningar - Að komast til valda.....	8
3.2	Kosningaherferðir .....	10
3.2.1	Kosningaherferðir - Áhrif kosningaherferða eru ekki þau sem stjórnámálmenn halda	11
3.2.2	Kosningaherferðir - Það hefur enginn efni á að taka ekki þátt .....	14
4	Rannsóknin.....	17
4.1	Hvað var í umræðunni? .....	18
4.2	Hönnuð skilaboð flokkana – Hin eiginlega kosningaherferð .....	23
4.3	Viðbrögð almennings við kosningabaráttunni.....	31
4.4	Niðurstaða .....	37
5	Umræða.....	39
6	Heimildir:.....	42

## 2 Inngangur

Markaðssamfélag nútímans hefur skapað heilmikil fræði um það hvernig eigi að sannfæra neytendur um það að velja eina vöru umfram aðra. Þar sem vöruúrvalið samanstendur af fleiri en einni vöru sem á að fullnægja sömu þörf, keppast framleiðendur við að sýna fram á hvernig þeirra vara er að einhverju leyti frábrugðin vöru keppinautanna í þeirri von að kaupendur velji þeirra vöru og einnig að sýna fram á að varan þeirra sé í raun nauðsynleg svo að neytendur kaupi meira af henni. Ef þetta gengur ekki eftir verður varan undir í samkeppninni um neytendur og einhver keppinautanna stendur upp með pálmann í höndunum.

Í stjórnámálum er þetta keimlíkt. Með mikilli einföldun er hægt að segja að markmið stjórnámálaflokka, alla vega á Íslandi og í nágrannalöndum, sé það sama. Þeir ætla allir að leiða samfélagið áfram í átt að meiri velsæld; að sem flestir geti haft það sem best. Leiðirnar sem þeir ætla að fara til að ná því markmiði eru hinsvegar margar og oft á tíðum ekki bara ólíkar heldur oft andstæðar. Á fjögurra ára fresti fá kjósendur að velja hvaða kost þeim lýst best á og þá hitnar í kolunum. Grafín eru upp mistök andstæðinganna, hvar hægt er að gera betur, hverju má breyta og hverju má alls ekki breyta. Persónur leiðtoganna eru fegraðar af flokksmeðlimum og rifnar niður af andstæðingunum og allt er lagt í sölurnar til þess að tryggja að eftir næstu kosningar sitji réttir flokkar og fulltrúar þeirra að völdum.

Það hefur lengi verið sagt að náttúra Íslands einkennist af andstæðum. Á Íslandi finnast stærstu jöklar Evrópu og virkustu eldstöðvarnar; eldur og ís. Skýrari andstæður er varla hægt að finna. Íslenska stjórnámálalandslagið er ekki eins pólað. Hér eru fáir eða engir flokkar sem almennt yrðu taldir öfgafullir og þó ágreiningsmálin virki oft yfirþyrmandi þá verður tæplega sagt að hér takist á algjörar hugmyndfræðilegar andstæður. Þetta er þó ekki alltaf augljóst þegar fylgst er með stjórnámálaumræðunni á Íslandi. Líkt og fyrirtæki á samkeppnismarkaði, þá virðist hver frambjóðandinn á eftir öðrum vera með lausnina sem hinum yfirsást; eða vöru sem er betri en keppinautanna. Það er ekkert óeðlilegt enda er samkeppnin eftir atkvæðum kjósenda töluverð og mikið í húfi.

Í þessari ritgerð verður byrjað á að fara yfir grunnhugmyndina um lýðræði og helstu þætti henni tengdri. Er það gert til að útskýra hversu mikilvægar kosningar eru í okkar samfélagi og hversu mikið er í húfi fyrir frambjóðendur að fanga hug og hjörtu kjósenda. Eftir það verður rýnt í kosningaherferðir og mikilvægi þeirra þegar kemur að kosningum, farið yfir þau fræði sem fjalla um efnið og draga fram sjónarmið fræðimanna á efninu og bera saman kenningar þeirra sem telja kosningaherferðir spila mikilvægt hlutverk í ákvarðanatöku kjósenda og

þeirra sem eru því ósammála. Dregin verða fram gögn og rannsóknir þeirra sem hafa rannsakað þetta á undan mér og síðast en ekki síst verður rýnt í kosningabaráttuna sem fór fram fyrir alþingiskosningarnar á Íslandi í apríl 2013. Grafnir verða upp viðburðir í aðdraganda kosninganna bæði úr fréttum og kosningaefni flokkanna og bornir saman við dagsetningar þar sem gengi flokkana breyttist samkvæmt skoðanakönnunum sem gerðar eru síðasta ár kjörtímabilsins og þá sérstaklega rétt fyrir kosningar.

Fjórar tilgátur voru hafðar til hliðsjónar við gerð ritgerðarinnar. Tilgáta eitt: *Magn umtals skiptir máli fyrir kosningar*. Fólk er áhrifagjarnt á hvað er í umræðunni og flokkar sem ekki fá athygli samfélagsins verða undir í kosningum. Tilgáta tvö: *Tegund umtals skiptir máli fyrir kosningar*. Ef samræmi er á milli þess sem fjallað er um í fjölmiðlum og þeirra viðhorfa sem algeng eru í samfélaginu ættu flokkar sem fá jákvæða umfjöllun að njóta ábata þess í kosningum. Tilgáta þrjú: *Pólítísk stefna flokks í kosningabaráttu hefur áhrif á hvernig honum gengur í kosningum*. Ef flokkur stendur ekki fyrir réttu málefni á réttum tíma er erfitt fyrir hann að ganga vel í kosningum. Tilgáta fjögur: *Kosningaherferð verður að vera vel framkvæmd til að skila tilætluðum árangri*. Mikilvægt er að fanga athygli kjósenda með heillandi og skýrri kosningaherferð. Fyrri tvær tilgátur eiga að styðja þá hugmynd að stærri hlutir en þeir sem flokkarnir getað búið til stuttu fyrir kosningar stjórni því hvernig fólk kjósi á meðan seinni tvær tilgátur eiga að færa rök fyrir hinu andstæða. Í lok ritgerðarinnar er markmiðið að svara spurningunni: *Hvers konar áhrif hafði kosningaherferð flokkanna fyrir alþingiskosningarnar 2013 á kjósendur?*



### 3 Kosningar og kosningaherferðir

#### 3.1 Fulltrúalýðræði og kosningar - Að komast til valda

Hugmyndin um lýðræði kviknaði í Grikklandi til forna og er það stjórnarfar sem hefur í seinni tíð verið talið af fræðimönnum og stofnunum vera besta og réttlátasta stjórnarfarið.<sup>1</sup> Í orðsins fyllstu merkingu er lýðræði sú hugmynd að ákvarðanir séu teknar af fólkinu<sup>2</sup> en vissulega eru skiptar skoðanir á því. Ákvarðanir sem varða heildina eru bornar undir lýðinn sem kýs um þá valkosti sem eru í boði og síðan sættast allir á að fylgja niðurstöðunni, þ.e. þeirri sem flestir kusu. Ef rýnt er í orðið lýðræði kemur þessi útskýring lítið á óvart. Enska orðið *democracy* er komið úr forngrísku orðunum *demos* sem þíðir fólk og *cratos* sem þýðir vald.

Í framkvæmd er grunnhugmyndin um lýðræði ekki flóknari en svo að ef einhver ákvörðun er studd af meirihluta þeirra sem að henni koma hefur hún lögmæti. Í raunveruleikanum hefur þetta reyndar verið þróað töluvert frá grunnhugmyndinni og lýðræðinu er yfirleitt sett einhverjar skorður. Á Íslandi er til dæmis gerð krafa um lágmarksaldur kjósenda og frambjóðenda í almennum kosningum, og einnig eru ákvæði sem ekki er hægt að breyta með einfaldri kosningu jafnvel þó lýðurinn myndi vilja það á einhverjum tímapunkti, til dæmis stjórnarskráin okkar.<sup>3</sup>

Lýðræði er hægt að framkvæma á fleiri en einn hátt en tveir þeirra eru þeir sem koma yfirleitt fyrst í hug þegar hugtakið er rætt; beint lýðræði og fulltrúalýðræði. Í beinu lýðræði (sem er svo gott sem aldrei framkvæmt á samfélagslegum skala) eru vandamálin borin undir lýðinn og niðurstaða hans er endanleg.<sup>4</sup> Fulltrúalýðræði er það sem er við þekkjum á Íslandi og í flestum löndum þar sem lýðræði er ríkjandi stjórnarfar. Í fulltrúalýðræði er einstaklingunum forðað frá því að þurfa að setja sig inní hvert og eitt einasta mál sem kemur þjóðinni við. Þess í stað bjóða sig fram einstaklingar til þess að gera þetta fyrir okkur. Þessir

---

<sup>1</sup> Michael Mandelbaum, "Democracy without America," *Foreign Affairs* september/október (2007), <http://www.foreignaffairs.com/articles/62833/michael-mandelbaum/democracy-without-america>, sótt 20.2.2014.

<sup>2</sup> David Beetham og Kevin Boyle, *Introducing Democracy: 80 questions and answers* (Cambridge: Polity Press, 1995), 1.

<sup>3</sup> Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands 79/1944.

<sup>4</sup> Gunnar Helgi Kristinsson, *Íslenska stjórnkerfið*, 2. útg. (Reykjavík; Háskólaútgáfan, 2007), 135.

fulltrúar sitja síðan fyrir okkar hönd í mikilvægustu stöðvum stjórnarsýslunnar eins og Alþingi og sveitastjórnnum.<sup>5</sup>

Hlutverk fulltrúans í fulltrúalýðræði er þó ekki alltaf jafn skýrt og verið er að gefa til kynna. Hin klassísku fræði um fulltrúalýðræði kveða á um að kjósendur kynni sér málefnið og kjósi síðan fulltrúa sem samsvarar þeirra skoðunum einna best. Samkvæmt Shumpeter virðist þetta samt ekki vera raunin. Gagnrýnin á þessa hugmynd segir að kosningar í fulltrúalýðræði sé eingöngu til þess gerðar að finna sér pólitískan leiðtoga, einhvern sem er traustsins verður og hæfur til þess að setja sig inn í mál og taka afstöðu sem er öllum viðunandi.<sup>6</sup> Þarna er búið að slíta á tengslin milli kjósendans og málefna og á sama tíma auka völd fulltrúanna umtalsvert sem eru við völd.

Sama hvora hugmyndina við aðhyllumst er mikið í húfi fyrir þá sem taka þátt í kosningabaráttu og þeim sem hljóta kosningu er of falið mikið vald og mikil áhrif. Dæmi um slíkt er þeir sem kosnir eru til setu á Alþingi, en þar fer meðal annars fram öll okkar lagasetning og eins upprunalega var sagt í Njálu og við erum minnt á reglulega af skjöldum lögreglumanna skulum við með lögum land byggja.<sup>7</sup> Fjölmíðlar leita til þingmanna og annarra fulltrúa lýðræðisins eftir skoðunum þeirra á tilteknum málefnum eða túlkun á samfélagsviðburðum. Á þann hátt geta þeir komið á framfæri skoðunum og viðhorfum sem móta síðan skoðanir og viðhorf annarra fulltrúa eða kjósenda eða þeirra sem þeir eru fulltrúar fyrir.

Á Alþingi Íslendinga eiga sæti 63 þingmenn og eru þar sem fulltrúar ákveðinna flokka. Ef einstaklingur vill bjóða sig fram til Alþingis þarf sá og hinn sami að fá frambjóðendur með sér á framboðslista í því kjördæmi sem áhugi er fyrir að bjóða sig fram. Fjöldi frambjóðenda á listanum verður að nema tvöföldum fjölda þingsæta þess kjördæmis.<sup>8</sup> Misjafnt er eftir framboðum hversu mikil eftirspurn er eftir að komast á framboðslista, en yfirleitt eiga hefðbundnu flokkarnir ekki í vandræðum með að fá nægan fjölda frambjóðenda. Það getur því verið erfitt að komast inn á þing og á bakvið hvert sæti er oft þrotlaus vinna. Þingmenn þurfa yfirleitt að vera búnir að skapa sér orðspor í í sínu nærsamfélagi og innan flokksins áður en

---

<sup>5</sup> Nancy L. Schwartz, *The Blue Guitar*. (Chicago: The University of Chicago Press, 1988), 1.

<sup>6</sup> Joseph A. Schumpeter, *Capitalism, Socialism and Democracy*. (London: George Allen & Unwin, 1943)

<sup>7</sup> *Brennu-Njáls Saga*. 70. kafli njálu. <http://www.snerpa.is/net/isl/njala.htm>

<sup>8</sup> Lög um kosningar til Alþingi, 24/2000, 31. grein.

þeir komast á lista. Þegar dregur að kosningum og listar hafa verið myndaðir byrjar hin svokallaða kosningabaráttu sem er hið eiginlega umræðuefni þessarar ritgerðar.

### 3.2 Kosningaherferðir

Eins og fram hefur komið eru kosningar einar af undirstöðum lýðræðis. Þær eru einskonar úrslitaleikur ólíkra valmöguleika sem háð hafa baráttu um hylli kjósenda og núna er komin stund sannleikans. Flokkar, frambjóðendur og hagsmunaaðilar eru búnir að brjóta baráttumálin til mergjar og fátt sem viðkemur efninu ætti að vera ósagt. Kosningar sem fara fram án einhverrar kosningabaráttu eru eflaust ekki margar. Ef eitthvað mikilvægt er í húfi er líklegt að alla vega einn muni taka málefnið nægilega nærri sér að viðkomandi muni reyna að sannfæra aðra um eigin skoðun. Eftir því sem málið viðkemur fleirum þeim mun meira er í húfi og þeim mun meira þúðri er eytt í að fá sem flesta á sitt band. Í kosningum eins og alþingis, sveitastjórnar eða forsetakosningum er hart keppt. Mikil vinna er yfirleitt lögð í kosningaherferðir og eru áhrif þeirra af mögum talin vera gífurleg. Með því að heyja góða kosningaherferð er vonast eftir því að sannfæra lýðinn um eigin skoðanir, fanga svo kallað laust fylgi og vonandi í leiðinni hrifsa fylgi af mótframbjóðendum.<sup>9</sup>

Fyrir frambjóðandann og hans teymi byrjar kosningabaráttan um leið og ákveðið hefur verið að bjóða sig fram.<sup>10</sup> Það er ekki hægt að undirbúa sig of mikið. Málefnið eru mörg og upplýsingarnar sem dregnar eru fram í herferðinni sjálfri eru stöðugt fleiri.<sup>11</sup> Kosningaherferðir eru sífellt að verða stærri og er erfitt að sjá fyrir hvar þessi þróun mun enda. Með stöðugri þróun fjölmiðla og fleiri og fleiri leiða til að ná sambandi við kjósendur er mikilvægt að verða ekki undir á neinum vígvelli. Þegar möguleikarnir á því að áreita kjósendur verða fleiri hefur enginn efni á að vera sá sem nýtir sér þá ekki. Ronald A. Faucheux segir í bókinni *Running For Office* að landslagið í kosningaherferðum nú til dags sé jafn ólíkt því sem það var og Oz var ólíkt Kansas í sögunni um Galdrakarlinn í Oz.<sup>12</sup> Þróunin á þessum herferðum er töluverð og er greinilegt að viðhorfið gagnvart þeim er að sá sem hikar

---

<sup>9</sup> Rüdiger Schmitt-Beck og David M. Farrell, *Do political Campaigns Matter? Campaign Effects in Elections and Referendums*. (London: Psychology Press, 2002), 1.

<sup>10</sup> James M. Thurber og Candice J. Nelson, *Campaigns and Elections American Style*. 2. útg. (Boulder: Westview Press, 2004), 226.

<sup>11</sup> Thomas M. Holbrook. *Do campaigns Matter?*, (Thousand Oaks: Sage Publications, 1996), 17.

<sup>12</sup> Ronald A. Faucheux, *Running For Office*, (Lanham: M. Evans & Co., 2002), 13.

fyrir tapar, sá sem rekur betri herferð er líklegri til að vinna og það má ekki missa sjónar á markmiðinu né vanmeta herferð andstæðingsins. Þetta hefur leitt til þess að á seinustu áratugum hafa kosningaherferðir skipað æ stærra hlutverk í stjórnmálum.<sup>13</sup>

En til hvers er þetta allt saman? Er einhver möguleiki á því að þetta sé meira og minna unnið til einskis? Er einhver möguleiki að öll þessi vinna sé eingöngu framkvæmd vegna þess að frambjóðendur séu ekki í nægjanlegum tengslum við ákvarðanatökufurli kjósenda? Skiptar skoðanir eru um hversu mikil áhrif þessar herferðir hafa á kjósendur. Sumir vilja meina að kjósendur séu búnir að ákveða hvað þeir munu kjósa meðvitað eða ómeðvitað áður en umræðan um næstu kosningar er hafin. Að niðurstöður kosninga séu augljósar áður en þeim sé lokið ef aðeins sé rýnt í örfáar breytur sem séu auðveldlega mælanlegar. Aðrir vilja meina að kosningaherferðin sé mjög mikilvæg. Að án hennar séu kjósendur ómeðvitaðir um málefnið sem kjósa á um og að undanfarið kjörtímabil falli í gleymsku sé það ekki rifjað upp. Allavega eru allir sem taka þátt í stjórnmálum sammála um það að fyrir kosningar sé það nauðsynlegt að láta heyra í sér, láta fólk vita fyrir hvað maður stendur og passa að maður standi ekki aftar en samkeppnisaðilinn þegar kemur að umfjöllun og áróðri.

### **3.2.1 Kosningaherferðir - Áhrif kosningaherferða eru ekki þau sem stjórnmálamenn halda**

Ef einföld leit er gerð á Landsbókasafni Íslands af bókum sem fjalla um kosningaherferðir skiptast þær að mestu leiti í tvennt. Bækur sem eru gerðar fyrir áhugamenn um kosningaherferðir um það hvernig á að haga þeim þannig að einhver árangur náist og bækur fyrir nema og fræðimenn um hvernig þær skipta minna máli en stjórnmálamenn halda. Þetta er einnig niðurstaðan sem er fengin í bókinni *Campaigns and Elections American Style* þar sem höfundur segir að stjórnmálamenn spái í kosningar fyrir fram og hafi ekki efni á að gera ekki neitt á meðan fræðimenn rýna í þær eftir á og sjá hvaða breytur skipta minna máli en aðrar.<sup>14</sup> Þetta virðist reyndar ekki vera alveg nákvæmt því oft er það einmitt hlutverk fræðimanna að spá fyrir um niðurstöður kosninga og telja þeir í mörgum tilfellum getað gert það með nokkurri vissu án þess að kosningaherferðin sjálf sé sérstaklega stór breyta. Í megin atriðum eru þessar breytur fjórar. Flokkshollusta (e. party identification), árangur fyrri

---

<sup>13</sup> Schmitt-Beck og Farrell, *Do political Campaigns Matter?*, 3

<sup>14</sup> Thurber og Nelson. *Campaigns and Elections American Style*, 223.

stjórnar, ímynd frambjóðanda og yfirstandandi málefni eru þær breytur sem skipta mestu máli.<sup>15</sup>

Flokkshollusta (e. party identification) er hugtak sem var fyrst dregið fram í sviðsljósið í bók Campells, Converse, Milers og Stokes *The American Voter* frá árinu 1960 og er lýst sem „tilfinningalegu sambandi við flokk sem er viðhaldið af flestum og er aðal breyta í viðhorfsmyndun og pólitískri hegðun“<sup>16</sup> Samkvæmt þeim er flokkshollusta langvarandi breyta þegar kemur að stjórn málahegðun og er ólíklegt að kjósendur víki sérstaklega langt frá þeirra flokkshollustu sem þeir bera. Þegar talað er um árangur fyrri stjórnar er verið að meina að yfir líðandi kjörtímabil er kjósendinn stöðugt að meta störf stjórnarinnar og mun það að öllum líkindum hafa áhrif á hvað hann muni kjósa. Morris Fiorina sagði árið 1981 í ritinu *Retrospective Voting in American National Elections* að í kosningum væri kjósendi í raun bara að svara spurningunni „ert þú í betri málum en þú varst fyrir fjórum árum?“. Ef viðkomandi svarar *já* er hann líklegur til að til að kjósa yfir sig þá stjórn aftur. Ef svarið er *nei* er viðkomandi líklegri til að hafna núverandi stjórn og snúa sér annað.<sup>17</sup> Deilt er um hvor þessara breyta vegi meira<sup>18</sup> en sennilega er sú umræða best látin kyrr liggja í þessari ritgerð og viðurkennt að þær skipta báðar máli.

Ímynd frambjóðandans og yfirstandandi málefni eru illmælanlegri breytur sem engu að síður segja mikið um hvaða afstöðu kjósendur mynda sér. Fólk er líklegra að til að kjósa einhvern sem það treystir eða líkar við. Jafnvel þó einhverjir kjósendur myndi sér skoðanir út frá málefnum einum leitast margir við að finna sér auðveldari leið til að velja sér frambjóðanda.<sup>19</sup>

Með yfirstandandi málefni er átt við það sem hefur verið í stjórn málaumræðunni vikunum fyrir kosningar. Opinberar heimsóknir ráðherra, ákvarðanir alþingis og ýmislegt í þeim dúr hefur áhrif á skoðanir almennings og mikilvægt er að þessi atriði endurspegli frekar jákvæð viðhorf og árangur rétt fyrir kosningar.

---

<sup>15</sup> Thurber og Nelson. *Campaigns and Elections American Style*, 223.

<sup>16</sup> Angus Campell o. fl., *The American Voter*, (London: University of Chicago Press, 1960) 121.

<sup>17</sup> Thurber og Nelson. *Campaigns and Elections American Style*, 225.

<sup>18</sup> Morris P. Fiorina, Parties and Partisanship: A 40 year retrospective, *Political Behavior* 24 sérútgáfa 2 (2002): 3.

<sup>19</sup> Francisco Guzmán og Vicenta Sierra, A political candidates brand image: Are political candidates brands?, *Brand Management* 17(2009): 3.

Að setja þessar breytur í formúlu sem skilar skýrri niðurstöðu er ekki létt verk. Sérstaklega þegar það eru fleiri en tveir flokkar að bjóða sig fram eins og á Íslandi. Til er jafna sem reiknar út sigur í forsetakosningum í Bandaríkjunum sem styðst við aðeins aðrar breytur. Hún reiknar út hversu mikið fylgi flokkur sitjandi forseta fær án þess að styðjast við kosningabaráttuna. Breyturnar í þessari jöfnu eru *hagvöxtur*, *flokksstyrkur* sem er mældur út frá sætum hvers flokks á þinginu, og *hvort verið er að sækjast eftir endurkjöri*. Þessari breytu er gefið ákveðið gildi sem á að reikna áhrifin sem það gefur að vera ríkjandi forseti. Einnig er það túlkað þegar sitjandi forseti sækist eftir endurkjöri hvort hann sé líklegur til að vinna vegna þess að annars mun flokkurinn einfaldlega ekki að styðja hann aftur. Fjórða breytan er hvor flokkurinn hafi lengri sögu í forsetaembættinu. Með því að setja þessar breytur í jöfnu og gefa þeim öllum ákveðin gildi hefur verið reiknað út hver vinnur forsetakosningarnar í Bandaríkjunum allt frá árinu 1900 með nokkurri nákvæmni þó hún sér alls ekki hundrað prósent.<sup>20</sup>

Samkvæmt þessum jöfnum er hægt að taka saman að það sem skiptir kjósendur máli sé að stjórnarfarið undanfarið kjörtímabil sé gott og þá sér í lagi efnahagsmálin, kjósendur muni verðlauna þá sem standa sig vel og refsa þeim sem gera það ekki. Það er þó ekki gert án hafta því kjósendur eru ekki líklegir til að verðlauna flokk þrátt fyrir að hann hafi staðið sig vel ef sá flokkur er andstæðingur flokksins sem þeir eru aldnir upp við að kjósa, flokkshollusta vegur meira en árangur. Ef þessar sterku breytur eru ekki að ná að fanga atkvæði einhvers skiptir persónuleiki og ímynd frambjóðenda máli til að brúa bilið sem og þau málefni sem hafa fengið umfjöllun á misserinu fyrir kosningar. Þetta samanlagt á samkvæmt stjórnmálafræðingum sem reyna að spá fyrir um úrslit kosninga að vera hugsaniferli kjósenda í mjög einfaldaðri mynd. Til þess að gefa þessum hugmyndum meiri dýpt er hægt að vitna í fleiri fræði.

Þegar áhrif kosningaherferða hafa verið mæld hefur gagnleysi kosningaherferða einnig verið upp á teningnum. Fyrir sjötíu árum síðan voru birtar niðurstöður rannsóknar sem var gerð í

---

<sup>20</sup> Holbrook, *Do campaigns Matter?*, 25.

Erie Countie, Ohio þar sem skoðanabreytingar í kosningum nokkrum árum áður höfðu verið mældar. Talað var við úrtak kjósenda nokkrum sinnum á mánuðunum fyrir kosningar og var niðurstaðan sú að í fæstum tilfellum skipti fólk um skoðun rétt fyrir kosningar og í raun voru flestir búnir að ákveða hvað þeir ætluðu að kjósa löngu áður en kosningabaráttan hófst. Höfundur rannsóknarinnar sagði að það sem hafi verið mest áberandi í niðurstöðunum var að megin áhrif kosningaherferðanna var að styrkja skoðanir þeirra sem höfðu ákveðið sig. Í raun var ólíklegasta niðurstaðan sú að kosningaherferð yrði til þess að fólk skipti um skoðun.<sup>21</sup> Ef þessi niðurstaða á við um allar kosningaherferðir þarf ekki að fara mörgum orðum um að litla áherslu þurfi að leggja á þær þar sem þær skila litlu öðru en atkvæðum sem frambjóðandi fengi að öllum líkindum hvort eð væri.

Hugmyndir Fiorina sem fjallað er um fyrir í ritgerðinni hafa verið flokkaðar í umræðunni um baksýnis kosningahegðun (e. retrospective voting), sem sagt að kjósendur rýna í liðið kjörtímabil og finna út frá tilfinningu sinni gagnvart því hvað þeir ætla að kjósa næst. V.O. Keys kom með kenningu sem er samofin kenningu Fiorina. Hann sagði að þrátt fyrir að það sem er sagt og gert í kosningabaráttu síust inn í meðvindund kjósenda er það lítilleg breyta miðað við árangur undanfarinna fjögurra ára og í þessu samhengi er oft vísað í hann þegar hann ritaði: „*Kjósendur eru ekki fjfl*“.<sup>22</sup>

### 3.2.2 Kosningaherferðir - Það hefur enginn efni á að taka ekki þátt

Þrátt fyrir að hluti stjórn málafræðisamfélagsins hafi litla trú á kosningaherferðum eru stjórn málamenn sannfærðir um annað. Kosningaherferðir eru allavega ekki háðar gegn trú frambjóðenda um árangur þeirra heldur, þvert á móti, af því að þeir telja sig ekki hafa ráð á að taka ekki þátt í baráttunni um atkvæðin. Hægt er að finna dæmi um kosningar þar sem áhrif kosningaherferða voru vanmetin (verður eitt þeirra sýnt seinna í ritgerðinni) og einnig eru sterk rök fyrir því að þó að áhrif þeirra hafi ekki verið mikil áður, þá séu þau sífellt að aukast. Í kaflanum á undan var vísað í hugtakið retrospective voting sem var þýtt sem *baksýnis kosningahegðun* og er yfirleitt notað af þeim sem trúa ekki á mátt kosningaherferða. Það vísar

---

<sup>21</sup> Holbrook, *Do campaigns Matter?*, 6.

<sup>22</sup> Valdimer Orlando Keys og Milton C. Cummings, *The responsible electorate: rationality in presidential voting*, (Cambridge: Harvard University Press, 1966) 7.

til þess að fólk myndar sér skoðanir samkvæmt því sem það hefur áður orðið vitni að. Reynslan stýrir því hvað maður kys. Andstæðan við það hugtak er prospective voting eða *framvirk kosningahegðun*. Það er einmitt þessi hegðun sem stjórnmálamenn búast við af kjósendum að miklu leyti. Framvirk kosningahegðun sækir ekki í reynslu fólks heldur byggir á væntingum um hvað muni gerast í framtíðinni.<sup>23</sup> Þar sem flokkar geta ekki stjórnað því sem hefur gerst þá reyna þeir eftir fremsta megni að stýra væntingum fólks fyrir kosningar. Lofa eigin frammistöðu, lasta annarra, byggja upp eigin getu og afneita getu annarra. Einnig er höfðað til tilfinninga, skapa ótta gagnvart andstæðingnum og spennu gagnvart sjálfum sér.<sup>24</sup> Hjá fólki sem hugsar aðeins um möguleikana sem standa til boða og taka ekki mið af gefinni reynslu ættu þessar upplýsingar að hafa áhrif. Það hefur verið sýnt fram á að þeir sem eru óflokksbundnir eru líklegri til að verða fyrir áhrifum kosningaáróðurs og ættu samkvæmt þessu frekar að sýna framvirka kosningahegðun en baksýnis. Þar sem flokkshollusta er lítil ættu kosningaherferðir því að vera líklegri til árangurs og áhrifameiri.<sup>25</sup>

Í bókinni *Parties without partisans* frá árinu 2000 færðu Dalton og Wattenberg rök fyrir því að tengslin á milli flokka og kjósenda væru ekki þau sömu og áður þegar kæmi að flokkshollustu. Þetta væri í raun partur af þróun sem hefur verið mæld allt frá árinu 1952 og fram til ársins 1992 og sýnir að hlutfall óháðra í Bandaríkjunum hefur aukist úr 22% í 39%. Þetta er talið vera önnur af tveimur ástæðum þess að umræðan um kosningaherferðir hefur gengið í gegnum endurvakningu á undanförunum árum. Hin ástæðan er þróun í fjölmiðlum undanfarna áratugi með sífellt fleiri sjónvarpstöðvum, internetinu, tölvupósti og svo framvegis en síðast en ekki síst meiri fagmennsku í framkvæmd og rekstri kosningaherferða.<sup>26</sup>

Það þarf ekki að rýna langt aftur í tímann til þess að finna dæmi þar sem niðurstöður mikilvægra kosninga eru ekki í samræmi við það sem formúlur stjórnmálafræðinga spáðu til um. Á ráðstefnu á vegum American Political Science Association árið 2000 voru sjö stjórnmálafræðingar fengnir til að reikna út, út frá jöfnum sambærilegum þeim sem kynntar voru áður, hvort Al Gore eða George Bush myndu vinna bandarísku forsetakosningarnar það

---

<sup>23</sup> W. Robert Reed og Joonmo Cho, A Comparison of prospective and retrospective voting with heterogeneous politicians, *Public Choice* 96 (1998) 98.

<sup>24</sup> Martha L. Cottam o.fl, *Introduction to Political Psychology*, (New York: Psychology Press, 2010) 147.

<sup>25</sup> Roman Lachat og Pascal Sciarini, „When Do political Campaigns Matter,“ í *Do Campaigns Matter*, ritsj. Rüdiger Schmitt-Beck og David M. Farrell, (London: Psychology Press, 2002), 55.

<sup>26</sup> Lachat og Sciarini „When Do political Campaigns Matter“. í *Do political Campaigns Matter?*, 41.



árið. Þeir spáðu allir Gore sigri með 52 til 60% atkvæða. Raunin varð önnur og vilja sumir meina að þar hafi einmitt gleymst að taka inn í myndina kosningaherferðirnar sjálfar og þá sérstaklega vettvangsvinnuna sem í þeim var unnin.<sup>27,28</sup> Einnig má bæta við að þó að jafnan sem notuð er í bók Thomas Holbrook sé gagnleg í að spá fyrir um úrslit í forsetakosningum þá er hún alls ekki nákvæm. Niðurstaðan er vissulega yfirleitt í takt við niðurstöður kosninganna (en með undantekningum) en ekki nákvæm og hefur til dæmis tvisvar spáð vitlaust um niðurstöður og nokkrum sinnum hefur munurinn verið marktækur.<sup>29</sup> Það virðist vera að það vanti eitthvað inn í jöfnuna til að lagfæra niðurstöður hennar og það gæti verið kosningabaráttan sjálf.

Það má ekki gleyma því að í rannsókninni sem framkvæmd var í Ohio 1944 voru algengustu áhrif kosningabaráttunnar að styrkja skoðanir þeirra sem höfðu myndað sér þær sjálfir og það getur verið mikilvægt breyta fyrir frambjóðendur. Ef kjósendur eru með fyrirfram mótaðar skoðanir en áhugi þeirra er takmarkaður getur kosningaáróður tryggt að þeir mæti á kjörstað. Það hefur sýnt sig í Bandaríkjunum að fjöldi stuðningsmanna skiptir litlu máli ef það næst ekki að smala fólki á kjörstað. McCombs og Shaw fundu árið 1972 fylgni á milli fjölmiðlaumfjöllunar fyrir kosningar og hversu alvarlega kjósendur tóku málefnið. Aukin kosningabaráttaka skiptir miklu máli fyrir ákveðna flokka. Yfirleitt flokkinn sem hefur flesta stuðningsmenn.<sup>30</sup>

Það er ekki margt sem kollvarpar hugmyndum þeirra sem trúa því að kjósendur myndi sér skoðun áður en kosningabaráttan byrjar og verði þess vegna bara að litlu leyti fyrir áhrifum af henni. En hægt er að sjá glögg að það er síður en svo hægt að fullyrða að kosningaherferðir skipti engu máli. Kosningaherferðir geta haft áhrif á sífellt stækkandi hluta kjósenda sem titla sig óháða, þeirra sem eru óupplýstir um stjórnmál seinasta kjörtímabils og þeirra sem hafa áhuga stjórnmálum en vantar hvatninguna til að mæta á kjörstað.

---

<sup>27</sup> Thurber og Nelson. *Campaigns and Elections American Style*, 227.

<sup>28</sup> Rétt er að taka fram að þrátt fyrir sigur George W. Bush þá fékk Al Gore fleiri atkvæði frá almenningi.

<sup>29</sup> Holbrook, *Do campaigns Matter?*, 25.

<sup>30</sup> Harvey J. Tucker, Arnold Vedlitz og James DeNardo, „Does Heavy Turnout Help Democrats in Presidential Elections?“, *American Political Science Association 104* (2010), 2.

## 4 Rannsóknin

Að framan hefur verið farið yfir helstu kenningar og umræður er varða gagnsemi eða gagnleysi kosningaherferða. Í þessum kafla er ætlunin að líta á hvernig þeir flokkar sem buðu fram í kosningum til Alþingis Íslendinga voru 2013. Í aðdraganda kosninganna 2013 komu fram margir nýir flokkar en þegar upp var staðið komust margir þeirra ekki á þing og fengu það lítið fylgi að ekki verður fjallað um þá í þessari ritgerð.

Framboð til Alþingis 2013	Kjördæmi					
	Norðvestur	Norðaustur	Suður	Suð-vestur	Reykjavíkur- kjördæmi suður	Reykjavíkur- kjördæmi norður
Björt framtíð	X	X	X	X	X	X
Framsóknarflokkur	X	X	X	X	X	X
Sjálfstæðisflokkur	X	X	X	X	X	X
Hægri græn, flokkur fólksins	X	X	X	X	X	X
Húmanistaflokkurinn					X	X
Flokkur heimilanna	X	X	X	X	X	X
Regnboginn, fyrir sjálfstæði Íslands og sjálfbæra þróun:	X	X	X	X	X	X
Sturla Jónsson, K-lista					X	
Lýðræðisvaktarin	X	X	X	X	X	X
Alþýðufylkingin					X	X
Samfylkingin	X	X	X	X	X	X
Dögun – stjórnmalasamtök um réttlæti, sanngirni og lýðræði	X	X	X	X	X	X
Vinstrihreyfingin – grænt framboðs	X	X	X	X	X	X
Píratar	X	X	X	X	X	X

Tafla 1: Framboð til Alþingis vorið 2013. Eftir kjördæmum. Heimild: Innanríkisráðuneytið, "Kjördæmi, *Kosningavefur Innanríkisráðuneytisins*. <http://www.kosning.is/althingiskosningar/kjordaemi/>, sótt 19.4.2014.

Afmarkast því umfjöllunin við þá flokka sem komust á þing, Bjarta framtíð, Framsóknarflokkinn, Pírataflokkinn, Samfylkinguna, Sjálfstæðisflokkinn og Vinstri hreyfinguna – grænt framboð (Vinstri Græna).

Fyrst verður litið á umfjöllun um flokkana í fjölmiðlum í aðdraganda kosninganna og lagt mat á hvort þau mál sem flokkarnir settu ekki sjálfir á dagskrá en komu upp í umræðunni skömmu fyrir kosningar varð til þess að marktækur fjöldi kjósenda skipti um skoðun hvað varðar hvaða flokk þeir sögðust ætla að kjósa á kjördag.

Þar á eftir verður fjallað um þau skilaboð sem flokkarnir stjórna sjálfir; pólitísk stefnumótun þeirra og kosningaherferðir og leggja mat á hvort þær hafi verið útfærðar í takt við tíðarandann og af fagmennsku. Hvort einn flokkur hafi mögulega haft betur í kosningunum einfaldlega vegna þess að þeir lásu betur í vilja kjósenda eða vegna þess að þeirra herferð var betur framkvæmd.

Í þriðja og seinasta hluta kaflans verður litið á kosningarannsókn Ólafs Harðarsonar og samstarfsfólks hans á niðurstöðum kosninganna 2013 og hvað það var sem kjósendur byggðu afstöðu sína á.

Í niðurstöðunum mun síðan vera farið yfir tilgáturnar fjórar og metið hvort þær hafi staðist eða ekki og í framhaldi af því rannsóknarspurningunni svarað.

#### 4.1 Hvað var í umræðunni?

Þótt ekki sé vitað með vissu hvort umræða fjölmiðla endurspegli það sem almenningur vill (að því gefnu að það sé til eitthvað sem kalla má almenningsálit) að sé fjallað um eða hvort það endurspegli einfaldlega það sem pólitískir hagsmunaaðilar innan fjölmiðlanna vilja láta fjalla um, er nokkur samstaða um að umfjöllun fjölmiðla endurspegli nokkuð vel umræðuna á götum úti. Samkvæmt kenningu Maxwell McCombs og Donald Shaw um dagskrárvald (e. *agenda setting*) fjölmiðla sem sett var fram eftir Chapel Hill rannsóknina árið 1968 er töluverð fylgini á milli þess sem fjölmiðlar birta og þess sem almenningur telur mikilvægt.<sup>31</sup> Innrömmunaráhrif (e. *framing effect*) fjölmiðla eru einnig nokkuð viðurkennd. Með innrömmunaráhrifum er átt við að með því að fjalla um tiltekið málefni ákveði fjölmiðlar bæði umfjöllunarefnið og skapi eftirspurn eftir frekari umfjöllun. Með öðrum orðum þá vilji lesendur lesa meira um þau málefni sem þeir skilja og þekkja og fjölmiðlar ákveða hver þau málefni eru. Þetta verða hinir svokölluðu ríkjandi ramar í innrömmunarferli fjölmiðla.<sup>32</sup> Samkvæmt skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis er eitt af megin hlutverkum fjölmiðla hið svokallaða umræðuhlutverk sem er að birta umræðu og túlkanir um málefni samfélagsins.<sup>33</sup>

Samræmið á milli þess sem við köllum „orð götunar“ og þess sem fjölmiðlar fjalla um ætti samkvæmt þessu að vera nokkuð mikið. Þannig er einnig hægt að gera tengsl á milli þess að þeir atburðir innan stjórnmála sem hafa mest áhrif á fylgi ættu einnig að vera þeir stjórnmálaatburðir sem eru mest áberandi í fjölmiðlum.

---

<sup>31</sup> Denis McQuail, *McQuail's Mass Communication Theory*, 5. útg. (London: Sage publication, 2005), 512.

<sup>32</sup> Brian McNair, *An Introduction to Political Communication*, 5. útg. (London: Routledge, 2011), 68.

<sup>33</sup> Rannsóknarnefnd Alþingis, *Aðragandi og sakir falls íslensku bankana 2008 og tengdir atburðir*, 8 bindi, (London: Rannsóknarnefnd Alþingis, 2010) 195.

Laugardaginn 27. apríl 2013, kosningadaginn sjálfan, birtist grein í Fréttablaðinu eftir Kolbein Óttarsson Proppé blaðamann. Þar skiptir hann tímabilinu frá því rétt áður en að dómur féll í Icesave málinu 16. janúar 2013 (dómurinn féll 28. janúar sama ár) og fram til 24. apríl 2013 (þrem dögum fyrir kosningar) í sex tímabil eftir því hvaða mál voru í brennidepli fjölmiðla hverju sinni. Framkvæmdin var óvísindaleg en gæti samt sem áður gefið mynd af umræðunni í samfélaginu á þeim tíma. Fyrsta tímabilið er frá 16. janúar til 31. janúar en það eru dagsetningar fyrir og eftir Icesave dóminn, sem féll 28. janúar. Icesave var mikið rætt alveg frá hruni og samkvæmt greiningu Stöðvar 2 var minnst á Icesave 590 sinnum í fréttum stöðvarinnar frá 7. október 2008 og fram til 29. janúar 2013 eða í um það bil þriðja hverjum fréttatíma.<sup>34</sup> Þá er ekki talin umfjöllun í öðrum miðlum svo sem Ríkisútvarpinu, Sjónvarpinu, Fréttablaðinu eða Morgunblaðinu. Framsóknarflokkurinn sem hafði talað ötullega fyrir því að semja ekki um skuldarnar, eins og þáverandi ríkisstjórn hafði viljað gera, heldur fara hina svokölluðu dómstólaleið, sá fylgi sitt rjúka upp þegar það kom í ljós að Ísland hafði unnið málið. Samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins fór fylgið úr 12,6% í 20,8% á tímabilinu 16. janúar til 30. janúar<sup>35</sup> eða á aðeins tveimur vikum. Ef skoðaðar eru niðurstöður úr könnun Capacent, annars vegar í janúar og svo í febrúar eykst fylgi flokksins um tæp 56% eða úr 14,2% og í 22,1%.<sup>36</sup> Stuðningur við flokkinn hélt áfram að aukast á næstu vikum á eftir og í Þjóðarpúlsi Capacent sem birtist í mars mældist hann með 27,4% fylgi og í byrjun apríl mældist fylgi hans 40,0% í könnun Fréttablaðsins Markaði þetta að stórum hluta upphaf kosningabaráttu Framsóknarflokksins sem var af flestum talinn hafa unnið mikinn kosningasigur í alþingiskosningunum og skilaði flokknum níttján mönnum á þing<sup>37</sup>

Þó því hafi verið spáð, meðal annars af Frosta Sigurjónssyni, sem síðar átti eftir að vera í framboði fyrir Framsóknarflokkinn, að niðurstöður málshöfðunar á hendur íslenska ríkinu

---

<sup>34</sup> Karen Kjartansdóttir, „Sögðu Icesave hátt í 600 sinnum á fjórum árum“, Fréttir, *Stöð 2* 29. janúar.

<sup>35</sup> Kolbeinn Óttarsson Proppé, „Einlægt viðtal og umdeild loforð“, *Fréttablaðið* 27. Apríl 2013, 32.

<sup>36</sup> Capacent, „Fylgi stjórnmalaflokka samkvæmt Þjóðarpúlsi Capacent“, *Þjóðarpúls Capacent*.  
<https://gagnatorg.capacent.is/data/set/yf5/fylgi-stjornmalaflokka-samkvaemt-thjodarpulsi-capacent#lds=yf5!6yi=c&display=line>, sótt 2.4.2014

<sup>37</sup> Alþingi, „Alþingismenn kjörnir 27. apríl 2013,“ *Fréttatilkynning frá althingi.is*  
<http://www.althingi.is/vefur/frett.html?nfrettnr=1981>, sótt 2.4.2014.

vegna skuldbindinga vegna Icesave myndi falla Íslendingum í vil<sup>38</sup> þá var það klárlega ekki eitthvað sem Framsóknarflokkurinn gat treyst á eða búist við að yrði drifkraftur að tilvonandi kosningasigri. Þess vegna er það talið í þessari greiningu sem máefni (e. issues) sem kjósendur mynda sér skoðun út frá frekar en skipulagt áróðursfóður sem flokkurinn lofar að verði hluti af eigin aðgerðum.

Annað atriði sem virðist hafa skipt máli í úrslitum kosninganna en var ekki hluti af hinni eiginlegu kosningaherferð flokks (þess sem flokkur skipuleggur, hannar og gefur út á eigin vegum) var viðtal við Bjarna Benediktsson, formann Sjálfstæðisflokksins í þættinum Forystusætið sem var á dagskrá Sjónvarpsins þann 11. apríl 2013. Var það eitt af röð viðtala sem Sjónvarpið átti við forustumenn flokkanna sem voru í framboði til Alþingis. Það sem gerði þetta viðtal að marga mati merkilegt er að sama dag hafði Viðskiptablaðið birt niðurstöður könnunar sem sýndi að mikil fylgisaukning Framsóknarflokksins á kostnað Sjálfstæðisflokksins hefði ekki átt sér stað ef Hanna Birna Kristjánsdóttir væri formaður flokksins en ekki Bjarni og að aðeins um helmingur stuðningsmanna Sjálfstæðisflokksins treysti Bjarna.<sup>39, 40</sup> Hanna Birna hafði ekki sóst eftir formannssætinu á seinasta landsfundi flokksins heldur boðið sig fram sem varaformaður og gegndi því starfi þegar könnunin var birt. Fylgi flokksins var í mikilli lægð á þessum tíma; mældist aðeins 17,8% í könnun Fréttablaðsins þann 4. apríl og lægst 21.2% í könnun MMR sem var framkvæmd þann 9. apríl. Daginn eftir Kastljóssviðtalið við Bjarna, eða þann 12. apríl sagði Gunnar Helgi Kristinsson, í viðtali við Bylgjuna að þetta væri alvarlegt mál sem Sjálfstæðisflokkurinn þyrfti að afgreiða sem fyrst. Hanna Birna Kristjánsdóttir tjáði sig í fjölmiðlum að hún styddi Bjarna sem formann<sup>41</sup> og nokkrum dögum seinna voru Sjálfstæðisfélagið Kópavogi<sup>42</sup> og

---

<sup>38</sup> Frosti Sigurjónson, *Átta lögmönnum svarað*, frostis.is. <http://frostis.is/atta-logmonnum-svarad/#more-635>, sótt 19.4.2014.

<sup>39</sup> Gísli Freyr Valdórsson og Andrés Magnússon, „Hanna Birna sækir fylgi víða“. *Viðskiptablaðið* 11. Apríl 2013, 15.

<sup>40</sup> ruv.is, „Bjarni íhugar að segja af sér“, ruv.is, 11.04.2013. <http://www.ruv.is/frett/bjarni-ihugar-ad-segja-af-ser>. Sótt 19.4.2014.

<sup>41</sup> Jóhann Hlíðar Harðarson, „Hanna Birna styður Bjarna“. *Fréttir Ríkisútvarpsins* 12.4.2013.

<sup>42</sup> mbl.is, „Félagið í Kópavogi styður Bjarna“, mbl.is 14.4.2013. [http://www.mbl.is/frettir/kosning/2013/04/13/mannleg\\_og\\_einlaeg\\_vidbrogd\\_bjarna/](http://www.mbl.is/frettir/kosning/2013/04/13/mannleg_og_einlaeg_vidbrogd_bjarna/). Sótt 2.4.2014.

Vestmanneyjum<sup>43</sup> búin að gera það sama. Þetta virðist hafa vakið sjálfstæðismenn til lífsins og í næstu könnunum mældist flokkurinn með 27,5% hjá MMR<sup>44</sup> og 30,3% hjá Fréttablaðinu<sup>45</sup>. William R. Sweeney Jr. segir að í kosningaherferð eigi aldrei að vera komið á óvart með útspili andstæðings.<sup>46</sup> Ekki er hægt að segja hvort þessi könnun hafi verið pólitískt útspil með vissu en augljóst þykir að þetta kom mörgum sjálfstæðismönnum á óvart en flokkurinn efldist.

Eru þetta sennilega tveir stærstu viðburðir sem voru í umræðunni meðal fólks fyrir síðustu kosningar, og eiga það sameiginlegt að hafa haft töluverð áhrif á fylgi flokkanna sem og að vera ekki skipulagðir af kosningavélum flokkanna. En það eitt að vera almennt í umræðunni meðal fólks var ekki nóg til að tryggja góða kosningu. Samkvæmt greiningu Fjölmíðlavaktarinnar voru ríkisstjórnarflokkarnir, Samfylking og Vinstri Grænir töluvert oftar í fjölmíðlum en hinir flokkarnir eða 47% af allri fjölmíðlaumfjöllun sem tengdum kosningunum. Einnig var umfjöllun um þessa flokka á jákvæðari nótum en Sjálfstæðisflokksins sem var eini flokkurinn sem fékk meiri neikvæða umfjöllun en jákvæða.<sup>47</sup> Í lok kosningadagsins fékk fráfarandi ríkisstjórn aðeins sextán þingmenn og 23,8% atkvæða<sup>48</sup> sem er minna en nýju stjórnmalaflokkarnir fengu (25,8%) þrátt fyrir að þeir hafi bara fengið 21% af umfjöllun fjölmíðla. Það virðist því ljóst að jákvæð umfjöllun í fjölmíðlum rétt fyrir kosningar er ekki nægileg, ein og sér til þess að sporna gegn þeirri óánægju sem var á meðal kjósenda með störf ríkisstjórnarinnar (1. apríl var stuðningur við ríkisstjórnina 32.0% samkvæmt Capacent).<sup>49</sup>

---

<sup>43</sup> mbl.is, „Styðja Formann flokksins“, mbl.is 12.4.2013.

[http://www.mbl.is/frettir/kosning/2013/04/12/stydia\\_formann\\_flokksins/](http://www.mbl.is/frettir/kosning/2013/04/12/stydia_formann_flokksins/), Sótt: 2.4.2013

<sup>44</sup> Capacent, „Fylgi stjórnmalaflokka samkvæmt Þjóðarpúlsi Capacent“, *Þjóðarpúls Capacent*. <https://gagnatorg.capacent.is/data/set/yf5/fylgi-stjornmalaflokka-samkvaemt-thjodarpulsi-capacent#lds=yf5l6yi=p.1b.c.1c.d.b.m.1e.e.1f.q.a.1d.o.13.11.1g.l.16&display=line>. Sótt 2.4.2014.

<sup>45</sup> Kolbeinn Óttarsson Proppé, „Einlæg viðtal og umdeild loforð“, Fréttablaðið, 32.

<sup>46</sup> William R. Sweeney Jr, „The Principles of Campaign Planning“, *Campaigns and Elections American Style*, 35.

<sup>47</sup> Kosningavaktin, <http://kosningavaktin.is/>, Fjölmíðlavakt Credit Info, sótt 3.4.2014

<sup>48</sup> Capacent, „Fylgi stjórnmalaflokka samkvæmt Þjóðarpúlsi Capacent“, *Þjóðarpúls Capacent*. <https://gagnatorg.capacent.is/data/set/yf5/fylgi-stjornmalaflokka-samkvaemt-thjodarpulsi-capacent#lds=yf5l6yi=1b.c.d.b.1e.1f.q.a.1d.13.11.1g.16&display=tables> sótt 18.3.2014.

<sup>49</sup> Capacent, „Suðningur við ríkisstjórnina“, *Þjóðarpúls Capacent*. <http://datamarket.com/data/set/17fd/studningur-vid-rikisstjorn#lds=17fd&display=line>, sótt 3.4.2014.

Ef horft er á fylgisbreytingar á meðal Bjartrar framtíðar og Pírata sést að sveiflurnar þar eru í algjöru lágmarki. Fylgi Bjartrar framtíðar sveiflaðist vissulega bæði upp og niður, en fyrir utan nokkra uppsveiflu um áramótin 2012 – 2013 sem síðan hneig um mánaðamótin febrúar - mars var fátt sem hægt væri að kalla eftirtektarvert í fylgisbreytingum þessara flokka. Eftir að hafa byrjað rólega en samt byggt á því fylgi sem þekktir einstaklingar í röðum flokksins gátu átt von á (byrjuðu í 4,3% í júní 2012 og hækkað í 8,1% í nóvember samkvæmt Gallup<sup>50</sup>) fékk flokkurinn byr undir báða vængi um áramótin (12,3% í desember, 18,6% í janúar og 16,2% í febrúar samkvæmt Gallup, 16,4% í janúar samkvæmt Fréttablaðinu<sup>51</sup>) sem hélt þó ekki lengi og fyrr en varði var flokkurinn kominn aftur með það fylgi sem við var að búast (12,9% í mars samkvæmt Gallup og 8,7% í Fréttablaðinu) og endaði Björt framtíð síðan með fylgi nálægt því sem hún hafði verið með meira og minna frá stofnun eða 8,2%. Píratar sigldu einnig beint inn á þing í sinni fyrstu tilraun, með frekar tíðindalausri kosningarherferð. Samkvæmt Gallup jókst fylgi Pírata að meðaltali um 1,14% á milli kannanna frá því að þeir tilkynntu um framboð sitt í nóvember 2012 og enduðu síðan með 5,1% atkvæða í kosningunum sjálfum. Ef lítið er á þá umfjöllun sem flokkarnir fengu í aðdraganda kosninganna þá kemur í ljós að Björt framtíð fékk ekki nema 7% af umfjölluninni fyrir kosningar og Píratar ennþá minna eða 3%. Þess vegna er erfitt að halda því fram að ágætis gengi þessara nýju framboða sé fyrir tilstuðlan fjölmiðlaumfjöllunar.

Það sem þessi stutta úrtekt sýnir fram á er að breytur sem flokkarnir hafa ekki tók á að stjórna sjálfir hafa umtalsverð áhrif á fylgi þeirra. Umtalið verður til af sjálfu sér vegna eðli viðburðanna sama hvort það er flokkunum í hag eða ekki. Ef lítil umræða á sér stað í fjölmiðlum um flokk eða frambjóðendur og árangurinn er eingöngu byggður á öðrum hlutum eins og kosningaherferðinni sjálfri virðast fylgisbreytingarnar takmarkaðar og lítið um marktækar breytingar. Það sem þessi úttekt tekur ekki tillit til er stærð flokkanna og þeirra fjármála. Ekki er hægt að útiloka að árangur þeirra flokka sem fengu lítið umtal eða tengdust lítið þeim pólitísku viðburðum sem mesta athygli fengu í aðdraganda kosninganna hefði orðið meiri ef fjárhagsleg geta þeirra hefði verið í meira samræmi við getu keppinautanna þegar

---

<sup>50</sup> Capacent, „Fylgi stjórnmalaflokka samkvæmt Þjóðarpúlssi Capacent“, *Þjóðarpúlssi Capacent*. <https://gagnatorg.capacent.is/data/set/yf5/fylgi-stjornmalaflokka-samkvaemt-thjodarpulsi-capacent#!ds=yf5!6yi=1b.c.d.b.1e.1f.q.a.1d.13.11.1g.16&display=table>, sótt 18.3.2014

<sup>51</sup> Kolbeinn Óttarsson Proppé, „Einlæg viðtal og umdeild loforð“, Fréttablaðið, 32.

kemur að magni, stærð og fagmennsku. Reyndu nýju flokkarnir að fá þá stærri til að setja kostnaðarþak á kosningaherferðirnar en með litlum árangri<sup>52,53</sup> og erfitt er að finna út hver kostnaðurinn var að baki hverju atkvæði. Einnig er greinilegt að stöðug umfjöllun skilar litlum breytingum ef umfjöllunin er ekki bitastæð. Lítið af umfjöllun um Samfylkinguna og Vinstri Græna stóð upp úr og seig gengið þeirra hægt og rólega fram að kosningum án markverðra breytinga.

## 4.2 Hönnuð skilaboð flokkana – Hin eiginlega kosningaherferð

Ef við gefum okkur að leiðtogar flokksvélanna og þeir sem hrinda kosningaherferðum í framkvæmd séu meðvitaðir um að ekki eru bein tengsl milli þess að vera með kosningaherferð og að ná árangri heldur þurfi hún að vera framkvæmd rétt og vel. Er hægt að sjá hvað það er í framkvæmdinni sem er að virka og hvað ekki? Eru þær framkvæmdar út frá ákveðinni stefnu og ef svo er, er stefnan þá mótuð í takt við tíðaranda eða eru slagorðin tímalausir frasar í takt við „Always Coca Cola“ eða „Það er gott að búa í Kópavogi“? Góð kosningabaráttan þarf að vera eftirminnilegri eða í það minnsta eftirtektarverðari en keppinautanna. Þýðir það að litskrúðug herferð samansett af plakötum með brjóstmyndum og blöðrur á Laugaveginum skili meiri árangri en að vera málefnalegur og reyna að svara þeim spurningum sem flokkurinn heldur að kjósendur vilji svör við? Í þessum kafla verður fjallað um þann hluta samskipta flokksins við kjósendur sem flokkurinn ræður en þó er tekið mið af ímynd flokksins í leiðinni. Þannig mun verða fjallað um herferðir flokksins, bera þær saman við þau fræði sem hafa verið gerð um hvernig eigi að heyja góða kosningaherferð. Einnig verður fjallað um þá pólitísku afstöðu sem flokkarnir höfðu í öndvegi kosningaáróðurs síns.

Í viðtali Erlu Maríu Markúsdóttir sem hún tók sem hluta af rannsókn fyrir BA-ritgerð sína í stjórnmálafræði sagði Atli Fannar Bjarkason, þáverandi framkvæmdastjóri Bjartar framtíðar, að þegar Framsóknarflokkurinn birti hugmynd sína um skuldaniðurfellingu fyrir heimilin hafi það breytt „öllu“.<sup>54</sup> Með því er hann að tala um hugmyndir Framsóknarflokksins um að meðal annars nýta svo kallað svigrúm sem myndist við uppgjör þrotabúa bankanna til þess að

---

<sup>52</sup> vb.is, „Ekkert samkomulag um þak á auglýsingar flokkana,“ vb.is, 3.4.2013  
<http://www.vb.is/frettir/82553/>, sótt 3.4.2014.

<sup>53</sup> Gísli Freyr Valdórsson, „Baráttan kostar tugi miljóna“, *Viðskiptablaðið*. 4.4. 2013, 2.

<sup>54</sup> Atli Fannar Bjarkason, viðtal tekið af Erlu Maríu Markúsdóttur í Reykjavík, 21.11.2013.



niðurgreiða verðtryggð húsnæðislán.<sup>55</sup> Var þetta einn af punktum sem komu fram í bæklingi sem Framsóknarflokkurinn sendi á heimili í landinu og var hann listaður efst. Það sem efstu punktar áttu sameiginlegt var að þeir snérust að heimilum landsins. Þeir kváðu á um leiðréttingu lána, auðveldari leið til þess að komast undan greiðslum án þess að þurfa að lýsa yfir gjaldþroti og jafnari lagagrundvöll á milli lánsveitanda og lánþega. Aftur í bæklingnum var fjallað um hugmyndir flokksins um rekstur ríkissjóðs. Forgangsröðun flokksins var skýr. Heimilin voru í forgangi og það hafði verið augljóst frá því að Sigmundur Davíð var endurkjörinn sem formaður flokksins á landsfundi þar sem hann endaði setningaræðuna sína á orðunum „Framsókn fyrir heimilið. Framsókn fyrir atvinnulífið. Framsókn fyrir Ísland.“<sup>56</sup> Þetta varð hornsteinn kosningabaráttu þeirra. Frambjóðandi verður að einbeita sér að þeim sem munu kjósa hann<sup>57</sup> þetta er þekkt viðhorf í bæði stjórnámálum og vörumerkjastjórnun.<sup>58</sup> Árið 2012 áttu samkvæmt tölum hagstofunnar rétt tæplega 50% landsmanna annað hvort erfitt, nokkuð erfitt eða mjög erfitt með að ná endum saman.<sup>59</sup> Ef flokkur er að fara í kosningabaráttu er tiltölulega auðvelt að ímynda sér að með því að lofa þeim lausnum gæti það skilað sér í atkvæðum. Þessi tala hafði reyndar lækkað lítillega frá árinu 2011 og hefði ríkisstjórnin getað beitt sér fyrir því að hagur heimilanna væri að batna undir þeirra stjórn. Væri í góðum farvegi og best væri að fylgja þeirra stefnu áfram, en það er erfitt að segja manni sem fór úr því að svelta yfir í að vera svangur að hann eigi að hafna góðri máltíð sem er einmitt það sem Framsóknarflokkurinn virtist vera að lofa.

---

<sup>55</sup> Framsóknarflokkurinn, Stefnuskra: Framsókn fyrir Ísland (2013). <http://www.framsokn.is/wp-content/uploads/2013/03/stefnuskraL.pdf>, sótt 5.4.2014.

<sup>56</sup> eyjan.is, „Þjóðlegur Sigmundur Davíð á flokksþingi: Skaldborg sem snýr öfugt kallast umsatur,“ eyjan.is, 8.2.2013. <http://eyjan.pressan.is/frettir/2013/02/08/thjodlegur-sigmundur-david-a-flokkstingi-skjaldborg-sem-snyr-ofugt-kallast-umsatur/>, sótt 7.4.2014.

<sup>57</sup> Ronald A. Faucheux, *Running For Office*, 140

<sup>58</sup> Sandra María Sævarsdóttir og Þórhallur Guðlaugsson, *Ímynd stjórnmaflokka: Tengsl ímyndar og árangurs*, ritsj. Ingjalður Hannibalsson. (grein kynnt á Þjóðarspeglinum, Háskóli Íslands, október 2013), 1.

<sup>59</sup> Hagstofa Íslands, „Möguleikar á að ná endum saman 2002-2012,“ Laun tekjur og vinnumarkaður. <http://hagstofa.is/?PageID=2594&src=https://rannsokn.hagstofa.is/pxis/Dialog/varval.asp?ma=VIN07215%26ti=M%F6guleikar+heimila+%E1+a%F0+n%E1+endum+saman%2C+2004%2D2012+++++%26path=../Database/vinumarkadur/fjarhagsstada/%26lang=3%26units=Hlutfall/%C1%E6tla%F0ur%20fj%F6ldi>, sótt 29.4.14.

Framsóknarflokkurinn var ekki sá eini sem tók þessa stefnu í kosningaherferðinni sinni heldur var Sjálfstæðisflokkurinn á sömu buxunum. Á heimasíðunni 2013.xd.is<sup>60</sup> sem var eitt af kosningatólum flokksins fyrir alþingiskosningarnar stendur „Forgangsverkefni nýrrar ríkisstjórnar verður að tryggja velferð heimilanna“ og er eftir það farið í útskýringar á hvernig Sjálfstæðisflokkurinn ætlar að lækka skuldir landsmanna og þá sérstaklega í húsnæðismálum. Það er greinilegt að aðal sölupunktur þeirra flokka sem fengu að lokum meiri hluta fylgisins voru miðaðir að sama hópi kjósenda.

Ef rýnt er í það sem finnst á heimasíðum fráfarandi stjórnarflokka fyrir kosningarnar 2013 kemur annað upp á teninginn. Lítið finnst af kosningarefni frá þeim og verður tekið mið af niðurstöðum landsfunda þessara flokka til að greina í fljótu bragði hvar áherslur þeirra liggja. Í stjórn málaályktun Samfylkingarinnar árið 2013 er lítið fjallað um skuldir almennings né er stungið upp á lausn fyrir húsnæðiseigendur. Mikið er talað um fleiri valmöguleika í húsnæðisvali, fleiri valmöguleika í fjármögnun og endurskoða hlutverk Íbúðalánasjóðs. Sýn þeirra á málin er önnur og gekk mikið út á norræna jafnaðarstefnu og inngöngu í Evrópusambandið,<sup>61</sup> eitthvað sem flokkurinn hefur staðið fyrir í lengri tíma.<sup>62</sup> Ef horft er á uppbyggingu stjórn málaályktunar þeirra hafa velferðarmálin verið efst á baugi og húsnæðismálin frekar neðarlega. Þeirra áhersla virðist vera áframhaldandi starf í átt að betur reknum ríkissjóði en einnig öflugara atvinnulíf og innganga í Evrópusambandið.

Björt Framtíð kom fram á sjónarsviðið sem arftaki Besta Flokksins sem bauð sig fram tveimur árum áður í borgarstjórnarkosningunum. Besti Flokkurinn var ádeiluframboð sem lagði mikið upp úr gleði og glensi þar sem gert var grín af innantómum kosningaloforðum annarra flokka og umræðuhefðinni sem einkenndi íslensk stjórn mála. Hugmynd Bjartrar Framtíðar virðist hafa vera byggð á þeirri hugmynd en strípuð af húmornum. Þeirra pólitísku skilaboð einkenndust af endurnýjun. Á Facebook-síðu flokksins er hægt að finna auglýsingu þar sem slagorðið er „Snúum við blaðinu!“ og talin eru upp nokkur málefni þar sem Björt

---

<sup>60</sup> Sjálfstæðisflokkurinn, *Aðgerðir sem gagnast öllum*. 2013.xd.is, sótt 8.4.2014.

<sup>61</sup> Samfylgingin, „Stjórn málaályktun“, *Landsfundur Samfylkingarinnar (2013)*. [http://www.samfylkingin.is/Portals/0/1\\_Skjalasafn/Landsfundur%202013/Stj%C3%B3rn%C3%A1la%C3%A1lyktun%20Samfylkingarinnar%202013.pdf](http://www.samfylkingin.is/Portals/0/1_Skjalasafn/Landsfundur%202013/Stj%C3%B3rn%C3%A1la%C3%A1lyktun%20Samfylkingarinnar%202013.pdf), sótt 8.4.2014.

<sup>62</sup> Samfylkingin, *Stefnulýsing Samfylkingarinnar (2000)*. [http://www.samfylkingin.is/Portals/0/1\\_Skjalasafn/Stjornmalaalyktanir/Stefnul%C3%BDsing%20Samfylkingarinnar%202000.pdf](http://www.samfylkingin.is/Portals/0/1_Skjalasafn/Stjornmalaalyktanir/Stefnul%C3%BDsing%20Samfylkingarinnar%202000.pdf), sótt 8.4.2014.

Framtíð ætlar að breyta hlutunum. Með því að renna í gegnum Facebook-uppfærslur þeirra og kosningaefni er hægt að greina að þeirra sérstaða á að vera sú að breyta stjórnámálum eins og þau eru heyjuð, rétt eins og Besti Flokkurinn á sínum tíma. Sama er upp á teningnum þegar farið er á [bjortframtid.is/aherslur](http://bjortframtid.is/aherslur). Á síðunni eru áherslur þeirra settar fram undir yfirheitunum; meiri fjölbreytni, minni sóun, meiri stöðugleiki, minna vesen og meiri sátt.<sup>63</sup> Þessar opnu áherslur ýta undir þá ályktun að stefna Bjartrar Framtíðar sé grynri þegar kemur að flestum málefnum en töluvert þverpólítískari, en til dæmis Sjálfstæðisflokksins, sem setur fram fjölmörg, skýrt afmörkuð áhersluatriði og leggja þeir áherslu á töluvert meiri fjölda málefna en hinir flokkarnir.

Píratar deildu sýn Bjartrar Framtíðar að einu ákveðnu leyti það er almenna hugarfarsbreytingu í íslenskum stjórnámálum rétt eins og Pírataflokkar um allan heim höfðu verið að vinna að síðan alþjóðleg samtök Pírata voru stofnuð árið 2010.<sup>64</sup> Stefna Pírata hefur þó þrengri útgangspunkt en Bjartrar Framtíðar. Í öndvegi alls málflytningu Pírata er málfrelsi og gegnsæi. Áherslur þeirra voru nokkuð frábrugðnar því sem stjórnámál höfðu snúist um fram að þessu á Íslandi. Áherslur þeirra virtust fæddar í ótta um að það væri verið að brjóta á grunnmannréttindum kjósenda. Í nafni gegnsæis og upplýsingar átti einnig að einfalda stjórnsýsluna og lagaumhverfið sem síðan á að hjálpa einstaklingum að leita réttar síns gagnvart ríkinu.<sup>65</sup>

Björt Framtíð og Pírataflokkurinn eiga það sameiginlegt hafa ekki stillt sínum kosningaherferðum gegn því sem ríkisstjórnin hafði gert heldur frekar gegn ríkjandi stjórnámálamenningu. Báðir flokkarnir voru að bjóða fram í fyrsta skipti og lögðu áherslu á að kynna sig sem nýja valkosti við hina hefðbundnu fjórflokka, frekar ein að einblína á einstök mál. Þau skilaboð sem hafa orðið á vegi okkar eru ímynd flokkana fyrir okkur.

Svo virðist sem kjósendur hafi verið orðnir langþreyttir á stefnu ríkisstjórnarinnar, stuðningur við hana var komin niður í 32% samkvæmt Þjóðarpólssi Gallup þann 1. apríl

---

<sup>63</sup> Björt Framtíð, „Bráðum kemur betri tíð – xA: Kosningaáherslur 2013.“ [bjortframtid.is/aherslur](http://bjortframtid.is/aherslur), sótt 14.4.2014.

<sup>64</sup> Pirate Party International. *Statutes of Pirate Party International*. (Brussel, 2010). [http://int.piratenpartei.de/wiki/images/a/a6/Statutes\\_of\\_the\\_Pirate\\_Parties\\_International.pdf](http://int.piratenpartei.de/wiki/images/a/a6/Statutes_of_the_Pirate_Parties_International.pdf), sótt 15.4.2014.

<sup>65</sup> Facebooksíða Píratapartýsins, [facebook.com/piratar.sland](https://www.facebook.com/piratar.sland), innlegg frá 11.4.2013 og 25.4.2013.

2013<sup>66</sup>, en hún virtist ætla að vera trú stefnu sinni og hinir flokkarnir hafi séð sér leik á borði. Það er greinilegt að þeir sem voru í stjórnarandstöðu frá árinu 2009 og stóðu í ströngu við að grafa undan áformum ríkisstjórnarinnar fengu uppreisn æru í kosningunum 2013. Í kosningabaráttunni lögðu stjórnarflokkarnir áherslu á að, fengju þeir umboð til áframhaldandi stjórnarsetu að lokum kosningum, yrði haldið áfram á sömu braut og verið hafði á liðnu kjörtímabili. En Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn gagnrýndu stjórnarflokkana og boðuðu umtalsverðar áherslubreytingar kæmust þeir til valda. Fram kom hugmynd um lækkingu á verðtryggtum fasteingaskuldum og byrjað yrði á að lækka skuldir heimilanna í landinu og í framhaldi af því skuldir ríkissjóðs. Þetta virðist hafa trompað hugmyndina um að ríkissjóður sé í svo slæmum málum að ekki sé í boði að láta einstaklingana frá peninga fyrst, eða hvað?

Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn voru báðir að gefa sig út sem einskonar flokk heimilanna á móti þeim sem höfðu beint umræðunni að ríkissjóði. Samt sá bara Framsóknarflokkurinn fylgi sitt rjúka upp á meðan Sjálfstæðisflokkurinn þurfti að sætta sig við nokkuð svipaða kosningu og í síðustu kosningum, sem var undir meðaltali kjörfylgis áranna þar á undan. Þrátt fyrir að flokkarnir væru að spila sama spil var eitthvað sem kom í veg fyrir að Sjálfstæðisflokkurinn næði þeim árangri sem vonir flokksmanna stóðu til um og er mögulegt að ástæðan fyrir því hafi verið illa framkvæmd kosningaherferð. Samkvæmt Guðmundi Oddi Magnússyni prófessor við Listaháskóla Íslands var herferð Framsóknarflokksins sú best framkvæmda.<sup>67</sup> Þessi skoðun setti hann fram léttu og frjálslugu spjalli við morgunútvarp Rásar 2. Samkvæmt Guðmundi Oddi er mikilvægt að höfða til tilfinninga í áróðri sem Framsóknarflokkurinn gerði umfram alla aðra flokka. Þeirra herferð var myndræn og hafði reglulega tilvísun í foringja, fána og sambærilega táknræna hluti auk þess að stök orð eins og *heimili* komu oft fyrir. Tíður frasi á auglýsingaefni flokksins var „Við þorum að standa með íslenskum heimilum“<sup>68,69</sup> Samkvæmt Steve A. Seidman, prófessor hjá Ithaca háskólanum, er þetta rétt leið til að nota auglýsingar í kosningum. Stutt hnitmiðuð

---

<sup>66</sup> Capacent, „Stuðningur við ríkisstjórnina“, *Þjóðarpúls Capacent*.  
<http://datamarket.com/data/set/17fd/studningur-vid-rikisstjorn#lids=17fd&display=line>, sótt 9.4.2014.

<sup>67</sup> Björn Malmquist, „Höfða til tilfinninga og væntinga kjósenda,“ *Fréttir, Rúv*, 22.4.2014.

<sup>68</sup> Facebooksíða Framsóknar, [facebook.com/framsokn](https://www.facebook.com/framsokn), innlegg frá 10.4.2013 og 16.4.2013.

<sup>69</sup> Prentefni frá Framsóknarflokknum.

slagorð sem hin svokallaði meðalmaður getur tengt sig við án mikillar umhugsunar.<sup>70</sup> Sjálfstæðisflokkurinn átti hinsvegar til með að einbeita meira sér að staðreyndum, línurítum og excelskjöllum.<sup>71</sup> Önnur möguleg breyta sem gæti hafa orsakað góðan árangur Framsóknarflokksins kemur fram í rannsókn Söndru Maríu Sævarsdóttur og Þórhalls Guðlaugssonar um ímynd stjórnmalaflokka. Þar kemur í ljós að ímynd Framsóknarflokksins hafi í aðdraganda kosninganna verið töluvert ómótaðri en ímynd Sjálfstæðisflokksins.<sup>72</sup> Samkvæmt skilgreiningu Wrenn, Kotler og Shawchuck á hugtakinu ímynd er það samansafn ákveðinna hluta sem eru meðal annars minningar, trú og tilfinningar<sup>73</sup> og getur slæm ímynd verið þung byrgði fyrir flokk í kosningabaráttu. Í greiningu Söndru og Þórhalls var ímynd Sjálfstæðisflokksins sterklega bundin orðunum atvinnulíf og efnahagsmál en minnst allra flokka tengd við traust og jafnrétti. Ímynd Framsóknarflokksins var minna bundin við eitt sérstakt hugtak og er það merki þess að ímynd hans hafi verið frekar óljós og fátt í henni sem var neikvætt. Reyndar fær hann heldur enga hjálp frá ímynd sinni.<sup>74</sup> Ef tveir flokkar eru að berjast um laust fylgi og gera það sama til að fanga það en annar þeirra er að berjast við ímyndarvandamál, auk þess að vera með illa framkvæmda kosningaherferð, ætti að vera augljóst hver bætir meira við sig.

Ímynd Samfylkingarinnar var eins og hjá Framsóknarflokknum lítið tengd við ákveðið hugtak og virtist vera á reiki<sup>75</sup> og er þess vegna hægt að velta fyrir sér hvort góð kosningaherferð hefði bjargað þeim frá enn frekara gengistapi. Það verður þó að teljast ólíklegt því auk þess að veðja á rangan hest málefnalega var, samkvæmt Guðmundi Oddi, fátt í þeirra herferð sem fangaði athygli kjósenda. Að hans mati höfðaði kosningaherferð þeirra, líkt og Sjálfstæðisflokksins, til skynsemi og raunsæis í staðinn fyrir tilfinninga. Ef rennt er yfir kosningaefni Samfylkingarinnar sem birt var á Facebook-síðu flokksins á tíma kosningabaráttunnar er hægt að staðfesta það. Þá segir hann að Vinstri Græn hafa farið leið

---

<sup>70</sup> Steven A. Seidman, „US Presidential Campaign Slogans: In other words...“, *Phi Kappa Phi Forum*, haust 2013, 17.

<sup>71</sup> Björn Malmquist, „Höfða til tilfinninga og væntinga kjósenda“.

<sup>72</sup> Sandra og Þórhallur, *Ímynd stjórnmalaflokka: Tengsl ímynda og árangurs*, 5.

<sup>73</sup> Bruce Wrenn, Philip Kotler og Norman Shawchuck, *Building strong congregations: Attracting, Serving and Developing Your Membership* (Hagerstown: Autumn House Publishing, 2010), 223.

<sup>74</sup> Sandra og Þórhallur, *Ímynd stjórnmalaflokka: Tengsl ímynda og árangurs*, 5.

<sup>75</sup> Sandra og Þórhallur, *Ímynd stjórnmalaflokka: Tengsl ímynda og árangurs*, 5.

svipaða þeirri sem Framsóknarflokkurinn fór í sinni kosningaherferð.<sup>76</sup> Hann tók fram að þeir einbeittu sér að stórum vangamyndum af frambjóðendum og stuttum slagorðum. Hann setti reyndar út á framkvæmdina þar sem lítil áhersla virtist vera á að nýta þeirra vinsælasta stjórnámálamann og formann, Katrínu Jakobsdóttur, heldur var athyglinni dreift nokkuð jafnt á þá sem voru á lista. Málefnastrá Vinstri Grænna var ekki í takt við þá sem hinir flokkarnir voru með og þess vegna ólíklegt að þeirra fylgi færist yfir á aðra flokka. Samkvæmt stefnuskrá þeirra voru þeir ekki með sérstaka lausn á skuldavandamálum heimilanna en voru frekar með umhverfismál, velferðarmál og utanríkismál í öndvegi (vissulega eru þessir punktar að miklu leyti þeir sömu og Samfylkingarinnar en þeir voru ósammála þeim í utanríkismálum og lögðu meiri áherslu á jafnrétti í gegnum velferðarkerfið en Samfylkingin gerði).<sup>77</sup> Var þetta í takt við ímynd þeirra en samkvæmt rannsókn Söndru Maríu og Þórhalls var hún tengdari bæði umhverfismálum og velferðarmálum en nokkurs annars flokks.<sup>78</sup>

Björt Framtíð og Pírataflokkurinn, einu nýju flokkarnir sem náðu mönnum inn á þing, töldu að almenningur vildi fá nýja strauma í íslensk stjórnámál og má jafnvel segja að ef þau hefðu haft rangt fyrir sér hefðu þau ekki komist inn á þing. Önnur framboð náðu ekki mönnum inn á þing, en þau lögðu öll áherslu á hefðbundnari málefni eins og skuldamál og breytingar á stjórnarskránni. Kosningaefni Bjartrar Framtíðar og Pírata var líka með óhefðbundnu sniði. Atli Fannar sagði í viðtalinu við Erlu Maríu að vegna fjárskorts hafi Björt Framtíð tekið þá ákvörðun að einbeita sér ekki að auglýsingamarkaðnum heldur að vera frekar með sína kosningabaráttu á netinu.<sup>79</sup> Þess vegna var ekki mikið af prentefni frá Bjartri Framtíð, en hægt er finna nokkur plaköt sem birt voru á netmiðlum. „Hugsum málin upp á nýtt“ og „Snúum við blaðinu“<sup>80</sup> voru frasar sem komu fram og á einu þeirra stóð „Við ætlum að breyta stjórnámálum“.<sup>81</sup> Þau ætluðu að koma sér á þing á þeirri forsendu að þau væru ekki eins og hinir flokkarnir. Einnig voru reglulega birtar myndir af frambjóðendum en þetta fólk átti það sameiginlegt að vera yngra en margir af mótframbjóðendum þess. Einnig voru

---

<sup>76</sup> Guðmundur Oddur Magnússon, viðtal í Morgunútvarpinum 23.4.2013, Rás 2.

<sup>77</sup> Landsfunarályktanir 2013. Vinstri Grænir.

<sup>78</sup> Sandra María Sævarsdóttir og Þórhallur, *Ímynd stjórnmalaflokka: Tengsl ímyndar og árangurs*, 5.

<sup>79</sup> Atli Fannar Bjarkason, viðtal tekið af Erlu Maríu Markúsdóttur í Reykjavík, 21.11.2013.

<sup>80</sup> Facebooksíða Bjartrar Framtíðar, facebook.com/bjortframtid.xa, innlegg frá 4.4.2013, sótt 18.4.2014

<sup>81</sup> Facebooksíða Bjartrar Framtíðar, innlegg frá 25.4.2013, sótt 18.4.2014

birtar myndir af stuðningsmönnum flokksins og oft áberandi persónum í samfélaginu. Algengasti frasinn sem birtist var þó „Má bjóða þér Bjarta framtíð?“. Hugmyndir þeirra virðast hafa verið í takt við þær sem Framsóknarflokkurinn studdist við. Stutt slagorð sem innihéldu ekki mikla pólitíska dýpt heldur þjónuðu frekar þeim tilgangi að fanga athygli þeirra sem á þau litu og mögulega ýta undir ákveðnar tilfinningar. Í kosningaefni þeirra var ekki mikið af upplýsingum og í raun fundust aðeins þrjár auglýsingar sem sýndu afstöðu þeirra til þess sem hægt er að kalla „hefðbundin málefni“. Ein auglýsing um Evrópumál<sup>82</sup>, ein um umhverfismál<sup>83</sup> og eitt plakat þar sem farið var yfir stefnu þeirra í heild sinni<sup>84</sup>. Einnig var áberandi þema að sýna glaðlegar myndir af fólki í framboði og íslenskri náttúru til skiptis.<sup>85</sup>

Píratar fóru leið sambærilega við það sem Sjálfstæðisflokkur og Samfylking gerðu. Þeirra auglýsingar voru málefnalegar og sýndu þá afstöðu sem flokkurinn tók. Fjólublár litur með hvítum texta á sýndu hverju flokkurinn vildi breyta. Plaköt með skilaboðum um fíkniefnalöggjöf<sup>86</sup>, borgarleg réttindi<sup>87</sup> og internetið sem viðskipta og stjórnmalatæki<sup>88</sup> litu dagsins ljós. Hvorki auglýsingarnar sem þeir birtu á Facebook-síðu flokksins né þær sem Guðmundur Oddur fann og birti á sínum fyrirlestri innihéldu myndir af frambjóðendum.

Til að taka þetta allt saman í örfáum orðum þá þurfti Framsóknarflokkurinn ekki að glíma við ímyndarvandamál, hafði myndræna og tilfinningaríka kosningabaráttu og það skilaði þeim töluverðum árangri. Ofan á það höfðu þeir tímamót með sér. Þegar skuldalausn Framsóknarflokksins var tilkynnt var það eins og sprengja inn í kosningabaráttuna segir Atli Fannar í viðtali sínu við Erlu Maríu og tekur Gunnar Steinn Pálsson, almannatengill, undir það að þegar eitthvað „verulega nýtt“ er kynnt á réttum tíma getur það skilað árangri og tekur sem dæmi að það hafi verið ástæðan fyrir árangri Besta Flokksins á sínum tíma.<sup>89</sup> Það virðist þess vegna í fljótu bragði vera að Framsóknarflokkurinn hafi ekki bara haft skriðþunga

---

<sup>82</sup> Facebooksíða Bjartrar Framtíðar, innlegg frá 17.1.2013, sótt 18.4.2014

<sup>83</sup> Facebooksíða Bjartrar Framtíðar, innlegg frá 21.3.13, sótt 18.4.2014

<sup>84</sup> Facebooksíða Bjartrar Framtíðar, innlegg frá 25.4.2013, sótt 18.4.2014

<sup>85</sup> Facebooksíða Bjartar Framtíðar, [https://www.facebook.com/bjortframtid.XA/photos\\_albums](https://www.facebook.com/bjortframtid.XA/photos_albums), sótt 18.4.2014

<sup>86</sup> Facebooksíða Píratapartýsins, innlegg frá 10.3.2013, sótt 18.4.2014.

<sup>87</sup> Facebooksíða Píratapartýsins, innlegg frá 13.3.2013, sótt 18.4.2014.

<sup>88</sup> Facebooksíða Píratapartýsins, innlegg frá 14.3.2013, sótt 18.4.2014.

<sup>89</sup> Gunnar Steinn Pálsson, viðtal tekið af Erlu Maríu Markúsdóttur í Reykjavík, 20.11.2013.

Icesave dómsins með sér heldur einnig að ímynd flokksins hafi verið mjög mótanleg, þeir hafi svarað kalli frá almenningi með nýrri skuldaleiðréttingu og fangað athygli kjósenda með grípandi auglýsingum. Sjálfstæðisflokkurinn á annað borð var með boðskap svipaðan þeim sem Framsókn bauð upp á en þurftu að lifa við ímyndarvanda meðal kjósenda sem og að, samkvæmt Guðmundi Oddi, ekki sérstaklega fangandi markaðsefni í kosningaherferð sinni. Samfylkingin virðist hafa misstigið sig á fleiri vígvöllum en einum. Guðmundur Oddur gaf kosningaherferð þeirra ekki háa einkunn og kjósendur virtust vera að leita að öðru en þeir voru að bjóða. Sama virðist tilfellið vera með Vinstri Græna. Þeir buðu kjósendum ekki upp á það sem meirihluti þeirra virðist hafa verið að vonast eftir og nýttu ekki þau vopn sem þeim stóðu til boða.


Til þess að flokkur komist á þing þarf hann atkvæði. Hann þarf að vinna hylli lýðsins, eða að minnsta kosti eins stórs hluta lýðsins og mögulegt er, og fá þá til að kjósa sig. Til þess að það verði niðurstaðan þurfa kjósendur í fyrsta lagi að vita af flokknum, í öðru lagi að trúa því að flokkurinn sé með sömu áherslur og þeir og í þriðja lagi trúa því að flokkurinn sé hæfur til að framkvæma það sem hann lofar.

#### **4.3 Viðbrögð almennings við kosningabaráttunni**

Í þessum kafla er fjallað um svör kjósenda við þeim útspilum sem flokkarnir komu með fyrir kosningar. Til þess verður rýnt í Íslensku Kosningarannsóknina 2013 sem var framkvæmd af Ólafi Þ. Harðarsyni, Huldu Þórisdóttur og Evu Heiðu Önnudóttur. Greint verður hvaða málefni þátttakendur töldu vera mikilvægust og hvort þau skilaboð sem flokkarnir sendu í kosningaherferðinni hafi skilað þeim atkvæðum sem sóst var eftir. Einnig verður skoðað hvaða álit kjósendur hafa á sínum eigin flokki og öðrum flokkum en sínum eigin. Út frá því verður ályktað um hvort flokkar hafi mögulega náð að búa til þær aðstæður að taka til sín fylgi frá öðrum flokkum eða hvort fylgi þeirra hafi aðeins verið þeir sem stutt höfðu flokkinn lengur en kosningabaráttan stóð, þeir sem við teljum sýna flokkshollustu. Allar niðurstöður eru marktækar við 95% öryggi.




## Fjármál/Skuldavandamál heimilana



Mynd 1

Þegar þátttakendur voru spurðir hvað þeim fyndist vera mikilvægasta verkefnið sem Ísland stæði frammi fyrir var algengasta svarið skuldavandamál heimilanna en 37% svarenda svöruðu því, 10% aðspurðra sögðu Evrópa og aðildarumsóknin og önnur 10% sögðu atvinnumál, 7% sögðu heilbrigðiskerfið, en skattamál og stjórnarskráarmálið fengu mjög litla svörun en valmöguleikinn „annað“ fékk 34% af svarhlutfallinu. Það er greinilegt að skuldsett heimili var hópur kjósenda sem erfitt væri að hunsa. Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn voru duglegir að minnast á heimilin í sínu kosningaefni og virtust ætla að uppskera vel á því. Af þeim 37% sem sögðu skuldavandamálin vera mikilvægasta verkefnið kusu 30% Framsóknarflokkurinn og rétt tæp 21% kusu Sjálfstæðisflokkurinn. Engir aðrir flokkar sóttu meira en 7,6% atkvæða í þann hóp kjósenda (sjá mynd 1).


## ESB



Mynd 2

Samfylkingin sótti sitt fylgi til Evrópusinna. 30% þeirra sem sögðust Evrópusambandsmál vera mikilvægasta verkefni Íslands kusu Samfylkinguna en það var áberandi minni hluti en þeir sem sögðu skuldavandamál vera mikilvægust. Annað sem varð Samfylkingunni að falli er að þau sóttu einkar litið fylgi til þeirra sem lögðu áherslu á aðra málaflokka. Ef tekið er meðaltalið af því hversu mikið fylgi Samfylkingin fékk úr öllum flokkunum sem spurt var út í er niðurstaðan 9,86% á meðan að meðaltali kusu 15,1% úr hverjum flokki Framsóknarflokkinn. Stuðningur Samfylkingarinnar þvert á málefni er greinilega ekki jafn mikill og Framsóknarflokksins. Reyndar var hæsta meðaltalið hjá Sjálfstæðisflokknum, 18,65%, en það er að miklu leyti hægt að rekja til vinsælda flokksins á meðal þeirra sem sögðu skattamál vera mikilvægust, 39,1% þeirra kusu Sjálfstæðisflokkinn, en það var aðeins lítil hluti kjósenda (tæp 2% þátttakenda). Myndræni útskýringu á þessu er hægt að sjá á mynd 3.

Framsóknarflokkurinn setti skuldavandamál heimilanna í öndvegi í kosningaherferð sinni en virðist hafa tekist að fá fylgi frá dreifðari hópi kjósenda. Það virðist ekki hafa tekist jafn vel hjá Samfylkingunni sem sótti töluvert minna fylgi í aðra hópa kjósenda en Evrópusinna en þeir hafa eflaust viljað.



**Mynd 3**

Vinstri Græn, Björt Framtíð og Píratar sóttu öll meira fylgi í hóp kjósenda sem völdu „annað“ en nokkurn annan flokk. Vinstri Grænir sóttu helming síns fylgis til þeirra sem svöruðu „annað“ og Björt Framtíð rétt tæplega það. Líklega er það útskýrt af því að umhverfismál voru ekki svarmöguleiki og hugmyndir Pírata og Bjartrar Framtíðar voru mjög þverpólítískar.

Þátttakendur voru einnig beðnir að staðsetja flokkana á skalann núll til tíu eftir því hversu vel þeim líkaði við viðkomandi flokk. Ef þeir merktu í núll líkaði þeim mjög illa við hann en ef merkt var í tíu var álitid mjög gott. Framsóknarflokkurinn var með hæsta meðaltal allra flokka með einkunnina 5,4. Lægstur af þeim flokkum sem komust á þing voru Píratar með 4,1. Samfylkingin fékk 4,5, Sjálfstæðisflokkurinn og Björt Framtíð 4,9 og Vinstri græn fékk 4,6. Ef skoðað er nánar hvað kjósendur gáfu hverjum flokki í einkunn út frá því hvað þeir kusu kemur í ljós að á eftir Framsóknarflokki leyst kjósendum hans best á Sjálfstæðisflokkinn. Þeir sem kusu Sjálfstæðisflokkinn leist einnig næst best á Framsókn. Kjósendum Bjartrar Framtíðar, flokka sem hafði bæði gefið sig út fyrir að vera grænn flokkur og Evrópusinnaður, leist svipað vel á bæði Vinstri Græna og Samfylkinguna (betur en þeim leist á Framsóknarflokkinn og Sjálfstæðisflokkinn) og kjósendum þessara flokka líka sæmilega við Bjarta Framtíð.

Þegar spurt var hvort þátttakandi liti á sjálfan sig sem stuðningsmann ákveðins flokks eða samtaka sögðust 34,7% vera það en 65,3% neituðu. Úr þeim hópi sem leit á sig sem stuðningsmann ákveðins flokks voru Sjálfstæðismenn mest áberandi eða 35%. Haft skal þó í huga að í þessari spurningu máttu svarendur svara fleirum en einum flokk ef þeir sáu ástæðu til þess. Næst flestir, 20%, sögðust vera stuðningsmenn Samfylkingarinnar, 18,6% studdu Framsóknarflokkinn, 17,3% studdu Vinstri Græna, 6,2% Bjarta Framtíð og 4,1% Pírata. Sama fyrirkomulag var á spurningunni hvort það væri einhver flokkur eða samtök í framboði sem viðkomandi myndi aldrei kjósa. Þar svöruðu öllu fleiri játandi eða heil 85%. Af þeim voru flestir á því að þeir myndu aldrei kjósa Sjálfstæðisflokkinn (28,8%). Sjálfstæðisflokkurinn var sem sagt með stærstan hóp stuðningsmanna og andstæðinga. Á eftir Sjálfstæðisflokknum komu Vinstri Grænir (25,7%) og Píratar (24,4%). Voru þetta einu flokkarnir sem mældust með andstöðu yfir 20%. Neðstur af flokkunum sem komust á þing var Björt Framtíð en aðeins 11,3% þeirra sem svöruðu sögðu að það væri flokkur sem þau myndu aldrei styðja.

Það má lesa úr þessum tölum að á meðal Sjálfstæðismanna má finna mestu flokkshollustuna þar sem þeir voru með stærsta stuðningshópinn. Sjálfstæðisflokkurinn var einnig í minnstu álit meðal þeirra sem kusu aðra flokka sem þýðir að ólíklegt er að flokkurinn nái að laða til sín fylgi frá öðrum flokkum og þess vegna ólíklegt er að bæta við sig fylgi í kosningabaráttunni. Það hefur væntanlega ekki verið trú flokksins þegar þeir hófu

kosningabaráttuna. Þrátt fyrir að fylgi Sjálfstæðisflokksins hafi ekki orðið það sem vonast var eftir var fylgi þeirra nægt til að flokkurinn fékk flest atkvæði allra flokka.<sup>90</sup> Björt Framtíð hafði fyrir kosningabaráttuna lítið sem ekkert fylgi enda flokkurinn ný stofnaður. Þeim þurfti þess vegna að takast að fanga til sín fylgi sem hefði annars farið til annarra flokka. Ef flokkurinn hefði haft á sér slæma ímynd hefði það verið erfitt þannig mikilvægt var að flokkurinn höfðaði til sem flestra.

Ef horft er á hvað kjósendur hvers flokks gáfu bæði sínum eigin flokki og hinum flokkunum kemur í ljós að Sjálfstæðismenn eru einu kjósendurnir sem gáfu eigin flokki einkunn yfir 8. Samkvæmt kjósendum Sjálfstæðisflokksins fær flokkurinn 8,04 á þessum skala á meðan þeir sem kusu Samfylkinguna gáfu flokknum einkunnina 7,48. Frá eigin stuðningsmönnum fá Píratar 7,58, Björt Framtíð 7,8, Framsóknarflokkurinn 7,88 og Vinstri Græn 7,95. En ef horft er á hvar kjósendur staðsettu aðra flokka en þann sem þeir kusu sjálfir á þessum viðhorfsskala kemur í ljós missterk tengsl á milli flokka. Eins og kom fram áðan gáfu kjósendur Sjálfstæðisflokksins Framsóknarflokknum einkunnina 5,62 sem er töluvert betri einkunn en þeir gáfu öðrum flokkum, en þeir gáfu til að mynda Samfylkingunni einkunnina 3,65 og Vinstri Grænum 3,86. Að meðaltali staðsettu kjósendur aðra flokka en sinn eigin sem 4,379 á skalanum núll til tíu. Stuðningsmenn Vinstri Grænna mátu Samfylkinguna upp á 5,77 og kjósendur Samfylkinguna mátu Vinstri Græn upp á 5,82. Besta meðaltalið frá kjósendum annarra flokka fékk Björt Framtíð með 5,068 en lægsta meðaltalið fékk Sjálfstæðisflokkurinn, aðeins 3,624. Ýtir þetta aftur undir þá hugmynd að þrátt fyrir ágætis fylgi Sjálfstæðisflokksins miðað við hina flokkana þá náðu þeir ekki að vinna sér inn hilli annarra en þeirra sem studdu flokkinn fyrir. Samkvæmt þessari könnun skiptast kjósendur í tvennt. Þeir sem höfðu mjög hátt álit á Sjálfstæðisflokknum og þeim sem höfðu einkar lítið álit á honum. Björt Framtíð tókst betur en öðrum flokkum að fanga hilli almennings. Þó flokkurinn hafi ekki fengið sérlega mörg atkvæði þá er flokkurinn vel liðinn og líklegur til að vera næsti kostur kjósenda.

---

<sup>90</sup> Hagstofa Íslands, "Alþingiskosningar," Kosningar.

<http://www.hagstofa.is/?PageID=829&src=https://rannsokn.hagstofa.is/pxis/Dialog/varval.asp?ma=KOS02121%26ti=%DARslit+al%FEingiskosninga+1963%2D2013++%26path=../Database/kosningar/alþurslit/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi/hlutfall, sótt 22.4.14.>

Sjálfstæðisflokkurinn er samkvæmt Kosningarannsókninni 2013 með flesta stuðningsmenn en tókst mjög illa að sannfæra aðra en eigin stuðningsmenn um að þeir væru fýsilegur kostur í alþingiskosningunum það árið. Flokkurinn fékk sinn stuðning frá fólki sem lagði mismunandi málefni í forgang en bendir margt til þess að þetta hlutfall hafi haft lítið með kosningaherferð flokksins að gera heldur sé þetta, að miklu leyti, hið svokallaða fasta fylgi. Opinberir stuðningsmenn sem styðja flokkinn í gegnum súrt og sætt í flestum eða öllum málefnum. Bjartri Framtíð tókst mun betur að höfða til almennings. Fólk sem studdi mismunandi flokka var jákvætt gangvart Bjartri Framtíð og virðist sem flokkurinn hafi getað skapað sér ímynd sem gæti reynst gulls ígildi á komandi árum. Þetta tókst þeim betur en hinum nýja flokknum sem komst á þing, Pírötum, sem eru almennt ekki eins vel liðnir og Björt Framtíð. Framsóknarflokkurinn virðist hafa gert nokkuð vel í sinni kosningaherferð. Þeir lögðu þungann í húsnæðisvandamál Íslendinga, málefni sem stór hluti landsmanna taldi mikilvægt og naut ávinnings af því. Flokkurinn virðist einnig hafa tekist að mynda traust á milli sín og kjósenda, því fólk sem lagði áherslu á ýmis konar málefni studdi flokkinn.

#### 4.4 Niðurstaða

Tilgáta 1: *Magn umtals skiptir máli fyrir kosningar.*

Þessi tilgáta er felld. Flokkarnir sem fengu mest umtal eru ekki þeir flokkar sem stóðu upp sem sigurvegarar í kosningunum í apríl 2013. Þeir eru í raun flokkarnir sem stóðu sig einna verst.

Tilgáta 2: *Tegund umtals skiptir máli fyrir kosningar.*

Tilgátan stenst. Tegund umtals virðist skipta töluverðu máli. Ákveðin tegund umtals virðist ýta undir fylgisbreytingar en önnur ekki. Stórir pólitískir sigrar eða ósigrar endurspeglast í skoðunum þjóðarinnar og hafa mikil áhrif á fylgi til skamms tíma. Fylgi Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins breyttist í kringum stærstu fréttirnar sem tengdust þeim. Ríkisstjórnarflokkarnir fengu hinsvegar mestu umfjöllunina en það endurspegladist ekki í marktækum breytingum á fylgi þeirra. Einnig fengu Samfylking og Vinstri Græn jákvæðari umfjöllun en aðrir flokkar, sér í lagi Sjálfstæðisflokkurinn, en árangur þeirrar umfjöllunar virðist ekki hafa borið mikinn ávöxt enda voru það engar stórfréttir.

Tilgáta 3: *Pólitísk stefna flokks í kosningabaráttu hefur áhrif á hvernig honum gengur í kosningum.*

Þessi tilgáta stenst ekki fullkomlega en vissulega getur pólitísk stefna flokks í kosningabaráttu haft áhrif við réttar aðstæður.

Þau málefni sem flokkur setur í forgrunn í kosningabaráttunni sinni getur haft áhrif á fylgi flokksins. Framsóknarflokkurinn ákvað að stefna í átt að því að leysa vandamál sem virtist hrjá stóran hluta þjóðarinnar á meðan ríkisstjórnarflokkarnir, Björt Framtíð og Píratar einbeittu sér að einhverju sem fólk hafði ekki eins mikinn áhuga á. Stór hluti þjóðarinnar mátu það þannig að skuldavandi heimilanna væri mikilvægasta verkefni íslenskra stjórn mála og ætluðu bæði Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn að einbeita sér að því. Virðist Framsóknarflokkurinn hafa notið meira góðs af því en Sjálfstæðisflokkurinn vegna þess hversu lítið fylgi þeir höfðu fyrir og hversu ómótaður stuðningsmannahópur þeirra var. Ef ímynd flokks er vel mótuð og stuðningsmannahópur hans stór er erfiðara fyrir flokk að bæta við sig fylgi með einni stefnu frekar en annarri.

Tilgáta 4: *Kosningaherferð verður að vera vel framkvæmd til að skila tilætluðum árangri.*

Eins og með tilgátu þrjú þá stenst þessi tilgáta við réttar aðstæður. Hjá nýjum flokkum og þeim með lítið fast fylgi skiptir máli að vera með góða kosningaherferð sem fangar athygli kjósenda og kynnir flokkinn í jákvæðu ljósi. Sést það á árangri Bjartrar Framtíðar einna best.

Kosningaherferð þeirra var betur framkvæmd en Pírata og þrátt fyrir að málefni hvorugs flokksins ætti sérstaklega upp á borð hjá kjósendum, fékk Björt Framtíð betri kosningu. Herferð Framsóknarflokksins var einnig vel framkvæmd og unnu þeir stærsta kosningasigurinn ef miðað er við hlutfallslega fjölgun greiddra atkvæða á milli kosninga. Flokkarnir sem voru með flóknara, illlesanlegra eða minna grípandi kosningaefni og auglýsingar stóðu sig verr en erfitt er að meta, í öðrum tilfellum en hjá Pírötum, hvort það hafi verið vegna kosningaherferðanna eða hvort það hafi verið vegna árangurs þeirra á liðnum árum og skoðun fólks á þeim þess vegna.

*Hverskonar áhrif höfðu kosningaherferðir flokkanna fyrir alþingiskosningarnar 2013 á kjósendur* er þá stóra spurningin. Í fljótu bragði virðast kosningaherferðirnar hafa virkað mis vel fyrir flokkana en fleiri þættir höfðu áhrif á úrslit kosninganna en aðeins gæði herferðanna. Kosningaherferð Sjálfstæðisflokksins, Samfylkingarinnar og Vinstri Grænna virðast hafa skilað mjög litlum árangri. Allir þessir flokkar virðast hafa haft álit margra kjósenda gegn sér og illa gengið að breyta því. Fyrirfram ákveðnar skoðanir kjósenda á þessum flokkum virðast hafa vegið þyngra en þær baráttuaðferðir sem þeir beittu vikurnar fyrir kosningar. Þau skipti sem kosningaherferðir virkuðu einna best er í þeim tilfellum sem flokkar höfðu lítið fylgi fyrir og skoðanir fólks voru ómótaðar. Framsóknarflokkurinn hafði verið frekar lítill flokkur þangað til það umturnaðist eftir Icesave dóminn og fólk var tilbúið að hlusta á hvað talsmenn hans höfðu að segja. Nýju flokkarnir, Björt Framtíð og Píratar, fengu ekki þetta forskot sem Framsóknarflokkurinn fékk og gekk erfiðlegra að ná athygli kjósenda en með kosningaherferð sem var mjög myndræn og sýndi frambjóðendur í jákvæðu ljósi náði Björt Framtíð að búa til ímynd flokks sem kjósendum líkaði almennt mjög vel við og fengu bæði betri kosningu en Píratar og gætu byggt á þeirri ímynd í framtíðinni. Pírötum gekk ekki jafn vel og náðu ekki að búa til sambærilega ímynd. Kjósendur voru á endanum ekki á þeim buxunum að Píratar væru fýsilegur kostur og fengu þeir ekki eins góða kosningu og Björt Framtíð.

Dreg ég þá ályktun að kosningaherferðir geta skipt sköpum fyrir þá flokka sem hafa lítið fylgi, nýja flokka eða flokka sem hafa endurnýjað sig mikið þannig að þeir þurfi ekki að berjast gegn fyrri ímynd. Hins vegar veга þær hugmyndir sem mótaðar eru yfir lengri tíma meira en þær sem eru mótaðar á stuttum. Kjósendur eru tilbúnir að mynda sér skoðun á flokkum sem þeir hafa ekki mótaðar skoðanir á fyrir en eru tregari til að skipta um skoðun á þeim flokkum sem þeir þekkja til og hafa þegar myndað sér skoðun á.

## 5 Umræða

Skipta kosningaherferðir sköpum eða ekki? Þetta er ekki í fyrsta skipti sem sú umræða er dregin fram en sennilega í fyrsta skipti sem það er gert með íslenska kosningabaráttu til hliðsjónar. Íslenska þjóðin virðist ennþá vera að jafna sig eftir bankahrunið 2008 og snýst umræðan aðallega um tvö atriði: Annars vegar uppgjör föllnu bankanna, byggja upp fjárhag ríkisjóðs og hins vegar að tryggja að þær aðstæður sem ollu hruninu á sínum tíma geti ekki komið upp aftur. Umræðan fyrir kosningarnar árið 2013 snerist fljótlega um bága stöðu íslenskra heimila og afleiðingar hrunsins fyrir þau. Í lok kjörtímabilsins stóðu þáverandi stjórnarflokkar völtum fótum með lítið fylgi og svo virðist sem kjósendur hafi haldið niðurstöðu Icesave málsins gegn þeim, enda fékk samningaleið ríkisstjórnarinnar lítinn stuðning á meðal kjósenda þegar um hana var kosið. Með því að vera eini flokkurinn sem stillti sér upp gegn samningaleiðinni í Icesave málinu fékk Framsóknarflokkurinn athygli kjósenda. Afstaða hans var afdráttarlaus í því allan tímann að ekki ætti að semja við kröfuhafa og voru kjósendur meðvitaðir um það þegar dómurinn féll. Fljótlega eftir að niðurstaða dómsins lá fyrir kynnti flokkurinn síðan hugmyndir um hvernig mætti léttu skuldabyrði heimilanna í landinu og fengu þær töluverðan hljómgrunn. Flokkurinn setti saman kosningaherferð þar sem minnst var reglulega á heimilin og formaður flokksins, hinn ungi og efnilegi Sigmundur Davíð var í forgrunni. Í kosningunum bætti flokkurinn við sig töluverðu fylgi og fékk stuðning fólks sem var með mismunandi málefni efst á baugi. Ekki bara þeim sem var annt um skuldarmálin. Erfitt er að segja til um hvað var stærsta breytan hjá Framsóknarflokknum, pólitískur sigur þeirra í Icesave málinu eða kosningaherferðin sem heppnaðist svo vel. Viðbúið er að kosningaherferðin hefði farið framhjá töluvert fleirum ef ekki hefði verið fyrir Icesave sigurinn og að þættir sem leiða til skammtímafylgibreytinga er það sem skilaði Framsóknarflokknum þessum góðu úrslitum, ekki langtímabreytur eins og flokkshollusta.

Einnig er erfitt að greina hvort kosningaherferð Samfylkingarinnar og Vinstri Grænna hafði nokkur áhrif. Það hjálpaði þeim ekki að eyða púðri í málefni sem kjósendur töldu ekki jafn mikilvæg og skuldamálin en það er spurning hvort óánægja kjósenda með störf þeirra á líðandi kjörtímabili hafi verið það mikil og djúpstæð að ógerlegt hafi verið að breyta viðhorfum þeirra þó svo að niðurstaða Icesave hefði ekki komið til. Það virðist vera að í þessu tilfalli, öfugt við Framsóknarflokkinn að flokkarnir hafi verið bæði með illa framkvæmda kosningaherferð, með óvinsæl málefni í öndvegi auk þess að hafa meiri mótbyr í kosningabaráttunni frá kjósendum en hinir flokkarnir.



Sjálfstæðisflokkurinn sýndi hinsvegar að það skiptir mestu máli að vera með fylgi sem byggir á flokkshollustu. Flokkurinn fékk stærstan hluta atkvæða sinna frá þeim sem titluðu sig stuðningsmenn flokksins og bætti við sig litlu fylgi umfram það. Kosningaherferð flokksins gerði lítið til þess að flokkurinn yrði betur liðinn og átti flokkurinn erfitt með að sannfæra óákveðna kjósendur um ágæti sitt. Þrátt fyrir það fékk flokkurinn bestu kosningu allra flokka og er stærsti flokkurinn á Alþingi. Þetta sýnir að stór hluti kjósenda er tryggur sínum flokki og styður hann gegnum bæði súrt og sætt. Sjálfstæðisflokkurinn fékk mikið umtal í kringum kosningarnar en það virðist ekki hafa dugað til að breyta viðhorfi kjósenda til flokksins nema að mjög litlu leyti. Ímynd flokksins var löskuð, kosningaefni flokksins lítið heillandi og kjósendur, aðrir en dyggustu stuðningsmenn, höfðu lítið álit á honum. Flokkshollustan er hins vegar mikil og naut flokkurinn ávinning þess að vera stærsti stjórnálflokkur landsins.

Nýju flokkarnir, Björt Framtíð og Píratar, höfðu hinsvegar lítið fast fylgi og flokkshollusta kjósenda í þeirra garð lítil sem engin. Við þær aðstæður geta flokkar treyst á fátt annað en kosningaherferðina og að höfða til sem flestra með auglýsingum og málefnalegum málflutningi. Málefnaleg nálgun þeirra var ekki í takt við það sem hinir flokkarnir lögðu áherslu á og virðist sem þeirra baráttumál hafi ekki átt upp á pallborðið hjá sérstaklega mörgum. Bjartri Framtíð virðist hafa tekist vel í sinni kosningaherferð sem var myndræn og fangandi. Fólki líkaði vel við flokkinn og náði hann að safna til sín það miklu fylgi að hann náði sex þingmönnum inn á þing. Pírataflokkurinn fékk minna fylgi en Björt Framtíð. Flokkurinn var í sömu stöðu og Björt Framtíð fyrir kosningarnar. Nýr flokkur með lítið eða ekkert fast fylgi sem stóð fyrir málefni sem staðsett yrði á jaðrinum í umræðunni fyrir kosningar. Þeirra kosningaefni var þó töluvert minna heillandi en það hjá Bjartri Framtíð og er líklegt að þar hafi kosningaherferðin skipt sköpum.

Erfitt var að greina út frá kosningabaráttunni fyrir alþingiskosningarnar 2013 hvort kosningaherferðir skipta máli eða ekki. Flokkurinn sem virðist hafa verið með best framkvæmdu herferðina var einnig með töluverðan meðbyr áður en hún hófst og þeir flokkar sem mistókst hvað verst voru með töluverðan mótbyr. Erfitt er að fullyrða hvort vó meira í lok dagsins. Athyglisvert er þó að þrátt fyrir lélega kosningaherferð og neikvætt umtal fékk Sjálfstæðisflokkurinn samt bestu kosninguna í alþingiskosningunum. Í því tilfalli voru stuðningsmenn annað hvort ekki að fylgjast með kosningabaráttunni eða létu hana ekki hafa þau áhrif á sig sem var tilætlast. Flokkar með betri herferðir náðu ekki að hrifsa til sín meira af fylgi flokksins en raun bar vitni og álit stuðningsmanna Sjálfstæðisflokksins á honum var mjög hátt.

Hjá minni flokkum virðast áhrif kosningaherferðanna hafa verið meiri. Björt Framtíð var með fallett, myndrænt kosningaefni og náði að hrifsa til sín meira fylgi en Píratar. Einnig tókst þeim, með tiltölulega ómótað orðspor, að búa til ímynd sem kjósendum líkaði vel við þvert á hvaða flokk þeir síðan kusu.

Með það sem að framan er sagt dreg ég þá ályktun að kosningaherferðir skipta meira máli fyrir nýja eða litla flokka sem hafa tiltölulega ómótað orðspor en þá rótgrónari. Þegar flokkur er orðinn rótgróinn eru meiri líkur á að fólk vilji ekki kjósa flokkinn og flokkshollusta stuðningsmanna meiri. Þetta sést best á kosningu Sjálfstæðisflokksins. Nýir flokkar geta höfðað til breiðari hóps þar sem skoðanir kjósenda á þeim eru ómótaðar. Þá skiptir mestu máli að ná athygli fólks og gefa af sér góða strauma. Þar getur góð kosningaherferð skipt sköpum.

## 6 Heimildir:

- Alþingi. „Alþingismenn kjörnir 27. apríl 2013,“ Fréttatilkynning frá althingi.is. <http://www.althingi.is/vefur/frett.html?nfrettnr=1981>. Sótt 2.4.2014.
- Beetham, David og Kevin Boyle. *Introducing Democracy: 80 questions and answers*. Cambridge, 1995.
- Björn Malmquist. „Höfða til tilfinninga og væntinga kjósenda,“ *Fréttir*, Rúv, 22.4.14.
- Björt Framtíð. „Bráðum kemur betri tíð – xA: Kosningaáherslur 2013.“ [bjortframtid.is/aherslur](http://bjortframtid.is/aherslur). Sótt 14.4.14.
- Brennu-Njáls Saga. 70. kafli Njálu. <http://www.snerpa.is/net/isl/njala.htm>. Sótt 20.2.2014.
- Campell, Angus, Philip E. Converse, Warren E. Miller, Donald E. Stokes, *The American Voter*. Chicago: University of Chicago Press, 1960.
- Capacent. „Fylgi stjórnmalaflokka samkvæmt Þjóðarpúlssi Capacent“, Þjóðarpúlssi Capacent.
- Capacent. „Stuðningur við ríkisstjórnina“, Þjóðarpúlssi Capacent.
- Cottam, Martha L., Beth Dietz-Uhler, Elena Mastors og Thomas Preston. *Introduction to Political Psychology*. New York: Psychology Press, 2010.
- Faucheux, Ronald A., *Running For Office*. Lanham: M. Evans & Co., 2002.
- Fiorina, Morris P., Parties and Partisanship: A 40 year retrospective, *Political Behavior* 24 sérútgáfa 2 (2002).
- Framsóknarflokkurinn. Stefnuskrá: Framsókn fyrir Ísland. <http://www.framsokn.is/wp-content/uploads/2013/03/stefnuskraL.pdf>. Sótt 5.4.14.
- Frosti Sigurjónson. Átta lögmönnum svarað, [frostis.is](http://frostis.is). <http://frostis.is/atta-logmonnum-svarad/#more-635>. Sótt 19.4.2014.
- Gísli Freyr Valdórsson. „Baráttan kostar tugi miljóna“, *Viðskiptablaðið*. 4.4. 2013.
- Gísli Freyr Valdórsson og Andrés Magnússon. „Hanna Birna sækir fylgi víða“. *Viðskiptablaðið* 11. Apríl 2013.
- Gunnar Helgi Kristinsson. *Íslenska stjórnkerfið*, 2. útg. Háskólaútgáfan: Reykjavík, 2007.
- Guzmán, Francisco og Vicenta Sierra, A political candidates brand image: Are political candidates brands?, *Brand Management* 17(2009): 3.
- Hagstofa Íslands. „Möguleikar á að ná endum saman 2002-2012,“ Laun tekjur og vinnumarkaður. <http://hagstofa.is/?PageID=2594&src=https://rannsokn.hagstofa.is/pxis/Dialog/varval.asp?ma=VIN07215%26ti=M%F6guleikar+heimila+%E1+a%F0+n%E1+endum+saman%2C+2004%2D2012+++++++%26path=../Database/vinnumarkadur/fjarh>

agsstada/%26lang=3%26units=Hlutfall/%C1%E6tla%F0ur%20fj%F6ldi, sótt  
29.4.14

Hagstofa Íslands. „Alþingiskosningar,“ Kosningar.

<http://www.hagstofa.is/?PageID=829&src=https://rannsokn.hagstofa.is/pxis/Dialog/varval.asp?ma=KOS02121%26ti=%DArslit+al%FEingiskosninga+1963%2D2013++%26path=../Database/kosningar/althurslit/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi/hlutfall>. Sótt 22.4.14.

Holbrook, Thomas M.. *Do campaigns Matter?*. Thousand Oaks: Sage Publications, 1996.

Innanríkisráðuneytið, „Kjördæmi,“ Kosningavefur Innanríkisráðuneytisins.

<http://www.kosning.is/althingiskosningar/kjordaemi/>, sótt 19.4.2014.

Jóhann Hlíðar Harðarson. „Hanna Birna styður Bjarna“. *Fréttir*, Ríkisútvarpið 12.4.2013.

Karen Kjartansdóttir. Sögðu Icesave hátt í 600 sinnum á fjórum árum, *Fréttir*, Stöð 2, 29. janúar.

Keys, Valdimir Orlando og Milton C. Cummings. *The responsible electorate: rationality in presidential voting*, Cambridge: Harvard University Press, 1966.

Kolbeinn Óttarsson Proppé, „Einlægt viðtal og umdeild loforð,“ *Fréttablaðið* 27. Apríl 2013

Kosningavaktin. <http://kosningavaktin.is/>, Fjölmiðlavakt Credit Info. Sótt 3.4.14

Lachat, Roman, og Pascal Sciarini. When Do political Campaigns Matter í *Do Political Campaigns Matter*, ritstj. Rüdiger Schmitt-Beck og David M. Farrell. London: Psychology Press, 2002.

Lög um kosningar til Alþingis, 24/2000

Mandelbaum, Michael. “Democracy without America.” *Foreign Affairs* september/október (2007), <http://www.foreignaffairs.com/articles/62833/michael-mandelbaum/democracy-without-america>. Sótt 20.2.2014

mbl.is. „Félagið í Kópavogi styður Bjarna,“ mbl.is 14.4.13.

[http://www.mbl.is/frettir/kosning/2013/04/13/mannleg\\_og\\_einlaeg\\_vidbrogd\\_bjarna/](http://www.mbl.is/frettir/kosning/2013/04/13/mannleg_og_einlaeg_vidbrogd_bjarna/). Sótt 2.4.14.

mbl.is. „Styðja Formann flokksins,“ mbl.is 12.4.13.

[http://www.mbl.is/frettir/kosning/2013/04/12/stydja\\_formann\\_flokksins/](http://www.mbl.is/frettir/kosning/2013/04/12/stydja_formann_flokksins/). Sótt: 2.4.14

McNair, Brian. *An Introduction to Political Communication*, 5. Útg. New York: Routledge, 2011.

McQuail, Dennis. *McQuail's Mass Communication Theory*, 5. útg. London: Sage publication, 2005.

Ólafur Þ. Harðarson. „Íslenska Kosningarannsóknin,“ Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

- Pirate Party International. Statutes of Pirate Party International. (Brussel, 2010).  
[http://int.piratenpartei.de/wiki/images/a/a6/Statutes\\_of\\_the\\_Pirate\\_Parties\\_International.pdf](http://int.piratenpartei.de/wiki/images/a/a6/Statutes_of_the_Pirate_Parties_International.pdf). Sótt 15.4.14.
- Rannsóknarnefnd Alþingis, Aðdragandi og og sakir falls íslensku bankana 2008 og tengdir atburðir, 8 bindi, Rannsóknarnefnd Alþingis: Reykjavík, 2010.
- Reed, W. Robert og Joonmo Cho, A Comparison of prospective and retrospective voting with heterogeneous politicians, *Public Choice* 96 (1998).
- ruv.is. „Bjarni íhugar að segja af sér“, ruv.is, 11.04.2013. <http://www.ruv.is/frett/bjarni-ihugar-ad-segja-af-ser>. Sótt 19.4.2014.
- Samfylgingin. „Stjórn málaályktun,“ Landsfundur Samfylkingarinnar.  
[http://www.samfylkingin.is/Portals/0/1\\_Skjalasafn/Landsfundur%202013/Stj%C3%B3rn%C3%A1lyktun%20Samfylkingarinnar%202013.pdf](http://www.samfylkingin.is/Portals/0/1_Skjalasafn/Landsfundur%202013/Stj%C3%B3rn%C3%A1lyktun%20Samfylkingarinnar%202013.pdf). Sótt 8.4.14.
- Samfylkingin. Stefnulýsing Samfylkingarinnar (2000).  
[http://www.samfylkingin.is/Portals/0/1\\_Skjalasafn/Stjornmalaalyktanir/Stefnul%C3%BDsing%20Samfylkingarinnar%202000.pdf](http://www.samfylkingin.is/Portals/0/1_Skjalasafn/Stjornmalaalyktanir/Stefnul%C3%BDsing%20Samfylkingarinnar%202000.pdf). Sótt 8.4.14.
- Sandra María Sævarsdóttir og Þórhallur Guðlaugsson. *Ímynd stjórnmálaflokka: Tengsl ímynda og árangurs*, ritsj. Ingjaldur Hannibalsson. Grein kynnt á Þjóðarspeglinum, Háskóli Íslands, október 2013.
- Schmitt-Beck, Rüdiger og David M. Farrell. *Do political Campaigns Matter? Campaign Effects in Elections and Referendums*. London: Psychology Press, 2002.
- Schumpeter, Joseph A. *Capitalism, Socialism and Democracy*. London: George Allen & Unwin, 1943.
- Schwartz , Nancy L. *The Blue Guitar*. Chicago: The University of Chicago Press, 1988.
- Seidman , Steven A. „US Presidential Campaign Slogans: In other words...“, *Phi Kappa Phi Forum*, haust 2013, 17.
- Sjálfstæðisflokkurinn. „Aðgerðir sem gagnast öllum.“ 2013.xd.is. Sótt 8.4.14.
- Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands 79/1944.
- Thurber, James M. og Candice J. Nelson. *Campaigns and Elections American Style.2.* útg. Boulder: Westview Press, 2004.
- vb.is. „Ekkert samkomulag um þak á auglýsingar flokkana,“ vb.is, 3.4.2013  
<http://www.vb.is/frettir/82553/>, sótt 3.4.2014.
- Wrenn , Bruce, Philip Kotler og Norman Shawchuck. *Building strong congregations: Attracting, Serving and Developing Your Membership* (Hagerstown: Autumn House Publishing, 2010), 223.